



STARFSSKÝRSLA SAMTAKANNA '78

STARFSÁRIÐ 2018 - 2019

LÖGD FYRIR AÐALFUND 3. MARS 2019



EFNISYFIRLIT

Formáli formanns	5
Viðburðarannáll.....	6
1. Almennt félagsstarf	7
1.1. Aðalfundur	7
1.2. Félagsfundir.....	8
1.3. Stjórn.....	8
1.4. Trúnaðarráð og hagsmunaráð.....	8
1.5. Fundir stjórnar, trúnaðarráðs og hagsmunaráðs.....	9
1.6. Félagslegir skoðunarmenn reikninga.....	9
1.7. Starfshópar og nefndir.....	9
1.7.1. Ráðgjafahópur.....	9
1.7.2. Afmælisnefnd.....	9
1.7.3. Starfshópur um að eldast hinsegin.....	9
1.8. Hagsmunafélög.....	10
1.8.1. Q – félag hinsegin stúdenta	10
1.8.2. Hinsegin dagar.....	11
1.8.3. Hinsegin Kórinn.....	11
1.8.4. BDSM á Íslandi.....	11
1.8.5. Intersex Ísland.....	12
1.8.6. Íþróttafélagið Styrmir.....	12
1.8.7. Trans Ísland.....	13
1.8.8. HIN – Hinsegin Norðurland.....	13
1.9. Tengdir hópar og félög	14
1.9.1. AA-deild	14
1.9.2. Andrými.....	14
1.9.3. Ásar á Íslandi	14
1.9.4. HIV Ísland.....	14
1.9.5. HLDI.....	15
1.9.6. Hinseginleikinn.....	15
1.9.7. Hinsegin handavinnuklúbbur.....	15
1.9.8. HinUng	15
1.10.9. Stelpur rokka!.....	15
1.10.Félög og fyrirtæki tengd hinsegin viðburðum og menningu	16
1.10.1. DOB Iceland	16
1.10.2. Bears on Ice.....	16
1.10.3. Dívugleðin.....	16



1.10.4. Kiki Queer Bar.....	16
1.10.5. Pink Iceland.....	16
1.10.6. Draggkeppni Íslands	17
1.10.7. Drag-Súgur	17
1.10.8. Innblástur! Arkestra	17
1.10.9.. Hinsegín frá Ö til A.....	17
2. Fjármál, rekstur, útgáfa og upplýsingamál.....	18
2.1. Þjónustusamningar	18
2.2. Styrkir.....	19
2.2.1. Landsbankinn, bakhjarl Samtakanna '78.....	19
2.2.1. Hinsegín sokkar, samstarf.....	19
2.3. Komandi rekstrarár.....	19
2.4. Skrifstofa og starfsfólk	20
2.5. Húsnaðismál.....	20
2.6. Upplýsinga- og kynningarmál.....	21
2.6.1. Heimasíða.....	21
2.6.2. Facebook síða.....	21
2.6.3. Twitter – reikningur	21
2.6.4. Instagram – reikningur	21
2.7. Útgáfuverkefni.....	22
2.7.1. Rainbow Iceland.....	22
2.7.2. Hvað er hinsegín?	22
2.7.3. Ég styð réttindi trans og intersex fólks.....	22
2.7.4. Samstarf með Amnesty International.....	22
2.8. Félagatal	22
3. Alþjóðamál.....	24
3.1. Regnbogakort ILGA Europe.....	24
3.2. Ársþing ILGA Europe	24
3.3. Efling norræns samstarfs.....	25
3.4. Yfirlýsing vegna fregna frá Bandaríkjunum um endurskilgreiningu á hugtakinu kyn	25
4. Félags- og sálfræðiráðgjöf	27
4.1. Markmið með þjónustunni.....	27
4.2. Ráðgjafateymi	27
4.3. Almennt um notendur þjónustunnar.....	28
4.4. Skjólstæðingar ársins 2018	28
4.5. Stuðningshópar	29
4.6. Þóknun ráðgjafa - loks hækkun.....	29
4.7. Þróun núverandi þjónustu og utanumhald	30
4.8. Lögfræðiráðgjöf	30



5. Fræðslustarf.....	32
5.1. Almennt um fræðsluna	32
5.2. Jafningjafræðslan.....	32
5.3. Fræðsla til fagstéttar.....	32
5.4. Vísindaferðir Q – félags hinsegin stúdenta	33
5.5. Þjónustusamningar.....	33
5.6. Tölulegar upplýsingar.....	33
5.7. Framtíð fræðslunnar.....	34
6. Alþjóðleg vernd og flóttafólk.....	35
6.1. Flóttafólk frá Úganda.....	35
7. Lýðheilsa.....	36
7.1. PrEP.....	36
7.2. Blóðgjafir MSM	36
7.3. Kynheilsuátak – frírar kynlífss- og túrvörur.....	37
7.4. Sírtækt smokkaverkefni.....	37
7.5. Starfshópur um heimilisofbeldi og hinsegin fólk.....	38
8. Menning, viðburðir og atburðir.....	39
8.1. Gallerí 78.....	39
8.2. Samtökin í gleðigöngu Hinsegin daga	40
8.3. Jólabingó.....	40
8.4. Starfsemi í Regnbogasal.....	40
8.5. Hinsegin fjölskyldumorgnar.....	41
8.6. Alþjóðakvöld – International nights.....	41
8.7. Veist að trans konu á Hverfisbarnum	41
8.8. Fyrrum formaður Samtakanna '78 látiinn.....	42
8.9. Samtökin '78 hljóta viðurkenningu Barnaheilla 2018	42
8.10. 40 ára afmæli Samtakanna '78	43
8.10.1. Afmælisnefnd:.....	43
8.10.2. Afmæliskaffi:.....	43
8.10.3. Afmælisháíð í lónó:	43
8.10.4. Regnbogaþráðurinn:	43
8.10.5. Afmælisrit:.....	43
8.10.6. Sögusýning á Hinsegin dögum:.....	44
8.11. Reykjavíkurmaráþonið.....	44
8.12. Huldukonur	44
9. Réttindabaráttu og löggjöf.....	45
9.1. Almennt um réttindabaráttuna á Íslandi.....	45
9.2. Aðild að Mannréttindaskrifstofu Íslands - MRSÍ	45
9.3. Umsagnir um frumvörp, reglugerðir og tillögur	45



9.4. Yfirlýsingar.....	46
9.5. Frumvarp um hatusorðræðu.....	47
9.6. Frumvarp um kynrænt sjálfræði.....	47
9.7. Aðgengi að sundlaugum í Reykjavík.....	48
10. Hinseginn félagsmiðstöð Samtakanna '78 og Tjarnarinnar.....	49
10.1. Grunnupplýsingar félagsmiðstöðvar.....	49
10.2. Umbótaaðgerðir.....	49
10.3. Fagstarfið	50
10.4. Lýðheilsa/heilsuefling	50
10.5. Stórir viðburðir	50
10.6. Annað tengt starfseminni.....	50
10.7. Pátttaka.....	50
10.8. Framtíðarsýn og aðgerðir.....	51
10.9. Draumsýnin og skref til framtíðar.....	52
11. Fylgigögn.....	53
11.1. Lög Samtakanna '78.....	53



FORMÁLI FORMANNS

Kæru félagar,

Þann 13. nóvember 2018 birtist grein á vef Ríkisútvárpsins undir titlinum „Hver sitja við stjórnvöllinn í landinu?“ Í greininni eru tekin saman kynjahlutföll stjórnenda í valdamestu stofnunum landsins og eru 24 hagsmunasamtök þar á meðal. Áhugavert er að skoða val greinarhöfundar á þessum 24 félögum, sem ætla má að höfundur telji áhrifamestu samtök landins. Innan um risa eins og Samtök atvinnulífsins, SÁÁ og Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands, sem velta hundruðum milljóna á ári, er einnig að finna smærri samtök á borð við Landvernd (með 8 starfsmenn) og Neytendasamtökin (sem höfðu 77 milljónir í rekstrartekjur árið áður). Eitt félag sker sig þó afgerandi úr, félag sem hafði hálfir annað launað stöðugildi og tæpar 20 milljónir í rekstrarfé árið 2017. Þessi „smásamtök við stjórnvöllinn“ eru vitanlega Samtökin '78.

Samtökin '78 mega að ósekju teljast áhrifamikið félag, og það er ákaflega ánægjulegt að sjá hve orðspor félagsins er sterkt. Samtökin njóta virðingar og trausts, ekki aðeins vegna þess að málstaður þeirra er góður heldur af því að hér er unnið gríðarmikið starf af hugsjón, metnaði og fagmennsku. Þessi metnaður og fagmennska eru nú loksins farin að endurspeglast í auknum fjárhagslegum stuðningi við félagið, sem gerir okkur kleift að stefna enn hærra og sinna skyldum okkar enn betur á komandi misserum. Hæst ber þar nýr samningur við forsætisráðuneytið, sem verður hornsteinn í fjármögnun starfseminnar á þessu ári.

Einnig eru mikil gleðitiðindi að frumvarp um kynrænt sjálfræði, sem felur í sér gríðarlega réttarbót fyrir trans og intersex fólk, fer fyrir Alþingi á næstu dögum. Frumvarpið er afrakstur fjögurra ára vinnu sjálfboðaliða hjá Trans Íslandi, Intersex Íslandi og Samtökunum '78, auk annars hugsjónafólks. Viðbrögð almennings og fjölmargar við kynningu á frumvarpsdrögunum hafa verið afar jákvæð, sem er skýrt merki um að áhersla okkar á fræðslustarf hefur borið góðan árangur.

Á liðnu starfsári fögnum við 40 ára afmæli félagsins. Ég var djúpt snortin að sjá breiðan hóp félagsfólks, af ólíkum kynslóðum og með ólíka reynslu, koma saman og gleðjast við þetta tilefni. Þegar ég tók við formennsku Samtakanna '78 haustið 2016 höfðu átök innan samfélags okkar sært marga djúpt. Á liðnu ári hef ég þó séð fjölmargar vísbendingar um aukna samkennd, skilning og kærleik milli kynslóða og hópa hinsegin fólks. Það er sameiginlegt verkefni okkar allra að leggja rækt við þessa samkennd, svo hún verði hornsteinn samfélags okkar um ókomin ár.

Fyrir hönd stjórnar vil ég þakka starfsfólki félagsins og öllum þeim sjálfboðaliðum sem lagt hafa hönd á plóginn undanfarið ár. Virðingin og traustið sem Samtökin '78 njóta eru virðing og traust í ykkar garð.

Með kærleikskveðju,

Maria Helga Guðmundsdóttir
formaður



VIÐBURÐAANNÁLL

Í annálnum er stiklað á stóru um helstu starfsemi félagsins á starfsárinu.

8. mars	Frumsýningarpartý Hinsegingleikans
14. mars	International night
9. apríl	#karlmennskan og hennar áhrif
13. apríl	Álitamál um heilsufar transfólks
22. apríl	Ritstjórnarsmiða afmælisritsins
26. apríl	Upphitun fyrir Eurovision
1. maí	Hinsegin kröfuganga
3. maí	Félagsfundur
9. maí	Afmælisboð
18. maí	Frumsýning: HANN
24. maí	DIY: Tölvur og leikir
6. júní	Jurassic listamannaspjall: Bréf frá innri heimi
23. júní	Afmælishátíð Samtakanna '78
6. ágúst	Hvað gera Samtökin '78? Barsvar og kynning
9. ágúst	Regnbogaskólar fyrir öll börn
11. ágúst	Samtökin '78 í Gleðigöngunni
12. ágúst	Regnbogaþráðurinn
25.-26. ágúst	Hinsegin fræðslunámskeið
30. ágúst	Hinsegin hreyfing
29.-30. sept	Hinsegin fræðslunámskeið II
4. okt	Kinky kynfræðsla
8. okt	Umræðufundur um blóðgjafir
11. okt	Dragförðun með Jackie Moon
14. okt	Hvað stendur á þínu spjaldi?
24. okt	Kvennafrídagurinn
25. okt	HIV og PrEP
26. okt	Vísindaferð Vöku og Röskvu í Samtökin '78
26. okt	Meðvitundardagur um intersex fólk
8. nóv	Ásar á Íslandi
10. nóv	Félagsfundur
16. nóv	Geðfræðsla fyrir ungt hinsegin fólk
20. nóv	Minningardagur trans fólks
22. nóv	Hvernig stofnar hinsegin fólk til fjölskyldu?
1. des	Alþjóðlegi HIV/Aids dagurinn
8. des	Jólabingó
16. des	Hinsegin aðventu fjölskyldumorgun
16. des	Hundakæti - upplestur
10. jan	QC: She meets Her
12. jan	Landsþing trans fólks
27. jan	Hinsegin fræðslunámskeið III
31. jan	Orðræður um HIV/Aids
8. feb	Regnbogaþráðurinn - óklippt útgáfa
14. febrúar	Samstöðufundur vegna frumvarpsins um kynrænt sjálfræði
3. mars	Aðalfundur 2019



1. ALMENNT FÉLAGSSTARF

1.1. AÐALFUNDUR

Sunnudaginn 4. mars 2018 kl. 13 var aðalfundur Samtakanna '78 haldinn í Suðurgötu 3. Fundurinn skipaði Uglu Stefaníu Jónsdóttur sem fundarstýru og Ingu Þóru Ingvarsdóttir fundarritara. María Helga Guðmundsdóttir kynnti ársskýrslu félagsins og Benedikt Traustason gjaldkeri lagði fram ársreikninga ársins 2017 sem voru samþykktir. Gjaldkeri kynnti einnig fjárhagsáætlun fyrir árið 2018. Engar laga- og stefnuskrárbreytingar bárust fyrir tilsettan tíma og því ekki gerðar neinar laga- og stefnuskrárbreytingar að þessu sinni.

Kjörnefnd kallaði eftir framboðum til trúnaðarstarfa fyrir félagið, en tilkynningu þess efnis sendi nefndin frá sér þann 29. janúar 2018. Framboðsfrestur til stjórnar rann út þann 18. febrúar, framboðsfrestur til trúnaðarráðs og skoðunarmanna reikninga rann út á aðalfundi. Utankjörfundaratkvæðagreiðsla hófst þegar boðið var til aðalfundur og stóð yfir þar til aðalfundur hófst. Innan framboðsfrests bárust 19 framboð í 19 embætti.

Kjörstjórn lagði það undir fundinn að allar kosningar á aðalfundi fari fram með handaupréttингum og var það samþykkt með sjónarmun. Frambjóðendur til embættis formanns, kynntu sig. Í framboði til formanns: María Helga Guðmundsdóttir. Sjálfkjörið var í embættið og því fagnað með lófataki. Þrjú voru í framboði í stjórn til tveggja ára: Rúnar Þórir Ingólfsson, Unnsteinn Jóhannesson og Þorbjörg Þorvaldsdóttir, þau voru öll sjálfkjörin í embætti. Þrjú voru einnig í framboði í stjórn til eins árs: Marion Lerner, Sigurður Júlíus Guðmundsson og Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir, þau einnig voru sjálfkjörin.

Í framboði til trúnaðarráðs til eins voru: Jóhann G. Thorarensen, Ragnhildur Sverrisdóttir, Guðný Guðnadóttir, Guðrún Mobus Bernharðs, Einar Þór Jónsson, Ásdís Óladóttir, Bjarndís Helga Tómasdóttir, Brynjar H. Benediktsson, Embla Orradóttir Dofradóttir og Ása Elín Helgadóttir. Voru þau sjálfkjörin og því fagnað með lófataki. Í framboði til að vera skoðunarmenn reikninga: Sigurjón Guðmundsson og Vilhjálmur Ingi Vilhjálmsson. Voru þeir sjálfkjörir og því fagnað með lófataki.

Fjögur önnur mál voru borin upp og rædd: Álfur Birkir Bjarnason flytur erindi frá ritstjóra Afmælisrits Samtakanna '78, Daníel E. Arnarsson, framkvæmdastjóri Samtakanna '78, talar um félagsskírteinin og afslætti sem félagsmönnum býðst við framvísun þeirra. María Helga lýsir því yfir að hún hyggist hækta sem formaður Samtakanna '78 eftir þetta starfsár. Hún ræddi starfsálag, þörfina á að fylga starfsmönnum hjá Samtökunum og einhvers konar bóknun fyrir starf formanns Samtakanna '78. Umræður fóru fram og lagt til að lagabreytinganefnd komi að málinu ásamt öðrum. Marion Lerner tekur svo til máls og þakkar stjórn og sjálfboðaliðum fyrir sín störf fyrir Samtökin.

Fundargerð má nálgast á vef Samtakanna '78.



1.2. FÉLAGSFUNDIR

3. maí 2018 var haldinn félagsfundur að vori. Á fundinum verður farið stuttlega yfir stöðu fjármála Samtakanna '78, viðburðir á næstu mánuðum verða ræddir og svo gat félagsfólk borið upp mál eða spurningar á fundinum. Fundurinn var vel sóttur og var góður andi yfir félagsfólk.

10. nóvember 2018 var svo haldinn félagsfundur að hausti. Á fundinum var fjárhagsáætlun næsta árs kynnt, kjörnefnd skipuð fyrir aðalfund 2019, ný sjálfboðaliðastefna kynnt fyrir fundinum, einnig jafnréttis- og umhverfisstefna, sem og drög að siðareglum Samtakanna '78. Mjög góðar umræður sköpuðust um fyrilliggjandi mál.

1.3. STJÓRN

Stjórn Samtakanna '78 var þannig skipuð starfsárið 2018-19:

María Helga Guðmundsdóttir, formaður
Sigurður Júlíus Guðmundsson, varaformaður, svo gjaldkeri
Þorbjörg Þorvaldsdóttir, ritari
Rúnar Þórir Ingólfsson, gjaldkeri, svo meðstjórnandi
Unnsteinn Jóhannesson, alþjóðafulltrúi, svo varaformaður
Marion Lerner, meðstjórnandi
Þórildur Elínardóttir Magnúsdóttir, meðstjórnandi, svo alþjóðafulltrúi

Stjórn var kjörin á aðalfundi þann 4. mars 2018. Stjórn fundaði formlega 14 sinnum á starfsárinu og hélt einnig ýmsa óformlega vinnufundi.

1.4. TRÚNAÐAR- OG HAGSMUNARÁÐ

Trúnaðarráð Samtakanna '78 var þannig skipað starfsárið 2018-19:

Guðrún Mobus Bernharðs, formaður
Guðný Guðnadóttir varaformaður
Bjarndís Helga Tómasdóttir varaáheyrnarfulltrúi
Brynjar H. Benediktsson áheyrnarfulltrúi í stjórn
Jóhann G. Thorarensen
Ragnhildur Sverrisdóttir
Einar Þór Jónsson
Ásdís Óladóttir
Embla Orradóttir Dofradóttir
Ása Elín Helgadóttir

Auk tveggja lögboðinna funda með stjórn hélt trúnaðarráð löglega two fundi á starfsárinu, en það er ekki í samræmi við lög félagsins sem gera kröfu um fjóra trúnaðarráðsfundi. Fundargerðir allra löglegra trúnaðarráðsfunda eru aðgengilegar á vef félagsins. Hagsmunafélög Samtakanna '78 mega skipa allt að two fulltrúa hvert til að taka sæti í hagsmunaráði, sem hefur rétt til fundarsetu á öllum fundum trúnaðarráðs. Hagsmunafélög starfsárið 2017-18 og fulltrúar þeirra voru:



BDSM á Íslandi: Sólhrafn Gunnarsson
HIN – Hinsegin Norðurland: Hans Jónsson
Hinsegin dagar: Steina Natasha Danielssdóttir
Intersex Ísland: Kitty Andersson og Bríet Finnsdóttir
Q – Félag hinsegin stúdenta: Hrefna Ósk Maríudóttir
Trans Ísland: Halla Katla

1.5. FUNDIR STJÓRNAR, TRÚNAÐARRÁÐS OG HAGSMUNARÁÐS

Á starfsárinu voru haldnir þrír lögbundnir sameiginlegir fundir stjórnar, trúnaðarráðs og hagsmunaráðs. Sá fyrri fór fram 7. apríl 2018 og var helgaður umræðum um hlutverk og samband stjórnar og trúnaðarráðs og starfsáætlun komandi árs. Síðari fundurinn fór fram 2. október en þar var farið yfir drög að jafnréttis- og umhverfisstefnu sem og drög að siðareglum og sjálfbóðaliðastefnu Samtakanna '78. Þriðji fundur starfsársins var svo haldinn 22. janúar og var helgaður yfirferð á lögum félagsins og tillögum að breytingum á þeim. Fundargerðir fundana eru aðgengilegar á vef félagsins.

1.6. FÉLAGSLEGIR SKOÐUNARMENN REIKNINGA

Vilhjálmur Ingi Vilhjálmsson og Sigurjón Guðmundsson gegndu hlutverkum félagslegra skoðunarmanna reikninga starfsárið 2017-18.

1.7. STARFSHÓPAR OG NEFNDIR

Nokkrar nefndir og starfshópar hafa starfað á vegum félagsins á árinu. Starfshópar og nefndir eru misvirk frá einum tíma til annars. Sumir eru skipaðir um ákveðin tímabundin verkefni á meðan aðrir eru varanlegri. Nefndir og starfshópar félagsins hafa með sér sameiginleg vinnusvæði á samfélagsvefnum Facebook og hittast í eigin persónu eftir þörfum. Eftirfarandi starfshópar og nefndir voru starfandi starfsárið 2017-18:

1.7.1. Ráðgjafahópur

Starfandi er lokaður vettvangur á Facebook fyrir ráðgjafahóp félagsins þar sem þeir geta rætt starfið og verið í beinu sambandi við framkvæmdastjóra og formann, sem einnig hafa aðgang að hópnum. Hópurinn er lokaður þar sem um faglegt og viðkvæmt starf er að ræða. Hins vegar er félögum velkomið að leggja hópnum til góðar hugmyndir og bjóða fram krafta í formi fagbekkingar. Hópurinn tekur afstöðu til hugmynda og, ef svo ber undir, hvort hann telji æskilegt að bæta fleiri ráðgjöfum við. Hópurinn er einn helsti vettvangur til mótnar ráðgjafarstarfsins.

1.7.2. Afnælisnefnd

Afnælisnefnd tók til starfa sumarið 2017 og hefur farið með undirbúning afmælishátíðar og afmælisrits. Nefndin vann ötullega að afmælisviðburðum sem haldnir voru á árinu, við uppsetningu Regnbogaþráðar og einnig við afmælisrit sem væntanlegt er á næsta starfsári.

1.7.3. Starfshópur um að eldast hinsegin

Starfshópur um að eldast hinsegin í íslensku samfélagi var settur á stofn á félagsfundi 6. október 2016. Lítill umræða og þekkingarleysi um málefni eldra hinsegin fólks er áberandi og má því segja að umræðan um þessi mál sé fyrt nuna



formlega að hefjast. Augljósustu verkefnin sem fyrir liggja er aukin fræðsla til umönnunaraðila og þeirra sem koma að stefnumótun innan málaflokkssins, aukinn sýnileiki eldra hinsegin fólks, sjálfssprottið félagsstarf eldri félagsmanna og frumrannsóknir á því að eldast hinsegin í íslensku samfélagi.

Á starfsárinu 2018-19 heimsóttu meðlimir starfshópsins samtök hinsegin fólks í Kanada og Finnlandi sem hafa sinnt þjónustu við eldra hinsegin fólk. Þar fengu þau góð ráð um hvernig sé best að standa að aukinni þjónustu við eldra hinsegin fólk. Meðal ábendinga sem fram komu var að Samtökin ættu til lengri tíma að skoða möguleikann á að ráða tímabundinn verkefnastjóra til að sinna málum eldra hinsegin fólks, forgangsröðun verkefna o.fl.

Sirry Sif Sigurlaugsdóttir, einn fulltrúa hópsins, hélt erindi á opnum fundi ReisVið, hinseginfélag Viðreisnar, sem bar heitið “Aftur inn í skápinn” og fjallaði um stöðu hinsegin eldri borgara á Íslandi.

Loks sóttu Samtökin um styrk hjá Reykjavíkurborg til að þróa verkefnið áfram: „Að kynnast starfi hinsegin eldra fólks og læra af þeim sem hafa reynslu og bekkingu. Síðar meir miðla þeirri bekkingu hingað til Íslands.“ Reykjavíkurborg tók styrkumsóknina fyrir og í febrúar 2018 var samþykkt að styrkja Samtökin um 330.000 kr. sérstaklega til þessa verkefnis.

1.8. HAGSMUNAFÉLÖG

Greinar 2.4, 2.5, 5.1 og 5.2 í félagslögum Samtakanna '78 kveða á um rétt félaga tengdum hagsmunum samtakanna til að óska eftir því að tengjast féluginu og hafa náið samstarf við það. Tilgangurinn með þessu fyrirkomulagi er að efla hinsegin samfélagið með því að auka samráð og samhæfingu og skapa vettvang fyrir umræður og skoðanaskipti um málefni hinsegin fólks í viðara samhengi. Hagsmunafélög starfandi á vettvangi Samtakanna '78 starfsárið 2018 til 2019 voru eftirfarandi:

1.8.1. Q – félag hinsegin stúdenta

Q-félagið tekur virkan þátt í umræðu um hinsegin málefni og hefur beitt sér fyrir bættri stöðu hinsegin fólks hér á landi. Félagið hefur að mestu haft aðsetur hjá Samtökunum '78 undanfarin ár, halddið þar fundi og viðburði og haft geymsluaðstöðu.

Markmið félagsins eru eftirfarandi: að gefa hinsegin (LGBTQIA+) stúdentum tækifæri til að hittast, veita þeim stuðning og auka samheldni þeirra; vera sýnilegt afl innan Háskólangs og í forsvari þegar málefni hinsegin einstaklinga ber á góma; beita sér í réttindabaráttu hinsegin fólks innan og utan háskóla; stuðla að auknum sýnileika hinsegin hópa í kennsluefni, að aukinni fræðslu, kennslu, umræðu og rannsónum um hinsegin málefni innan sem flestra deilda háskóla, fyrir bæði nemendur og kennara.

Allir eru velkomnir á viðburði Q-félagsins, en félagið er sérstaklega ætlað fólk sem annað hvort stundar nám eða starfar við háskóla, og/eða er á aldrinum 18-30 ára. Þó svo Q sé félag hinsegin stúdenta, er fólk sem ekki er hinsegin gjaldgengt í félagið og hvatt til að taka þátt í starfi þess. Féluginu er ætlað að vera óþvingaður vettvangur fyrir tengslamynundun, félagslíf og aktívisma.



Q-félagið hefur staðið fyrir vísindaferðum síðustu tvö starfsár, sem notið hafa mikilla vinsælda. Tólf nemendafélög frá Háskóla Íslands hafa heimsótt Samtökin á þessu starfsári.

Q-félagið heldur viðburði tvisvar í mánuði, en upplýsingar um hvern viðburð má finna á Facebook síðu félagsins, www.facebook.com/Qfelag. Félagið heldur einnig úti heimasíðu, www.queer.is.

1.8.2. Hinsegin dagar

Markmið Hinsegin daga er að halda árlega hinsegin hátíð í Reykjavík og stuðla með starfsemi sinni að vexti og viðgangi hinsegin menningar og félagslifs í íslensku samfélagi. Hinsegin dagar eru í tengslum við erlendar hreyfingar hinsegin hátíða og taka þátt í skipulögðu samstarfi við þær. Hinsegin dagar eru opinber borgarhátíð Reykjavíkur 2017-2019.

Fyrstu hinsegin hátíðahöldin í Reykjavík voru haldin árið 1999 og fagna Hinsegin dagar því 20 ára afmæli sínu með hátíðahöldum 8-17. ágúst 2019.

Nánar á www.hinsegindagar.is og www.facebook.com/reykjavikpride.

1.8.3. Hinsegin Kórinn

Hinsegin kórinn var stofnaður 2011 og hefur síðan vaxið og dafnað. Markmið kórsins er að vera fordómalaus vettvangur fólks til að hittast og njóta söngs saman; vinna að þátttöku hinsegin fólks í menningarlifinu; vera jákvæð fyrirmynnd og stuðla að sýnileika hinsegin fólks. Kórinn mismunar hvorki á grundvelli kynhneigðar né kynvitundar og er öllum opinn að undangengnum raddprófum sem að jafnaði eru haldin við upphaf haust- og vorannar.

Kórinn kemur reglulega fram við ýmis tilefni, m.a. á árlegum jóla- og vortónleikum sínum, Hinsegin dögum og í Regnbogamessu, svo fátt eitt sé nefnt.

Kórinn er blandaður kór sem leggur ráka áherslu á fjölbreytt lagaval, allt frá íslenskum þjóðlögum til erlendra popplaga. Virkir meðlimir kórsins eru í kringum 60 talsins, ólíkir einstaklingar á ýmsum aldri sem eiga það sameiginlegt að elska að syngja og skemmta sér saman.

2018 var viðburðaríkt ár fyrir kórinn en hann skellti sér til München í maí og tók þátt í evrópska hinsegin kóramótinu Various Voices. Kórinn var áberandi á Hinsegin dögum og söng m.a. lag Hinsegin daga, "Loksins" með Andreu Gylfadóttur en höfundur lags og texta er Helga Margrét Marzelliusardóttir, kórstjóri. Í sumar ætlar kórinn að skella sér vestur og halda tónleika á Hólmavík og Ísafirði.

Kórstjóri er Helga Margrét Marzelliusardóttir og formaður er Hugrún Ósk Bjarnadóttir.

Nánar á: www.hinseginkorinn.is og www.facebook.com/hinseginkorinn

1.8.4. BDSM á Íslandi

BDSM á Íslandi var stofnað 20. janúar 1998 og fagnaði því 20 ára afmæli sínu á síðasta ári. Landlæknir afnám BDSM úr sjúkdómaskrá embættisins þann 11. desember 2015 og sótti félagið um hagsmunaaðild að Samtökunum'78 árið 2016.



Á liðnu starfsári hefur áhersla félagsins verið á fræðslustarf fyrir félagsmenn sem endra nær og hafa fjölmargir erlendir og innlendir fyrirlesarar haldið fjölbreytt erindi fyrir BDSM fólk og aðra áhugasama.

Annað áhersluatriði starfsársins sem er að líða hefur verið á ofbeldismál innan BDSM samfélagsins og hvernig tækla skuli slík mál. Í upphafi árs 2018 áttu fulltrúar úr stjórn félagsins góðan fund með starfsfólki Bjarkahlíðar þar sem þessi mál voru meðal annars rædd. Félagið hélt málþing og úrvinnslufund á haustdögum þar sem fjallað var um BDSM og ofbeldi og hvernig hægt sé að bregðast við því þegar ofbeldismál koma upp innan BDSM-samfélagsins. Það er stefna félagsins að styðja ætíð við kærugerli í þeim málum sem upp kunna að koma og ósk félagsins að skilgreina og utfæra verkferla sem ráðist verður í þegar ofbeldismál koma upp.

Samfélag BDSM-fólks er að stækka og það er útlit fyrir að svo verði áfram í fyrirsjánlegri framtíð. Með auknum fólksfjölda má gera ráð fyrir því að fleiri mál komi upp, líkt og í öllum öðrum samfélögum. Eins má fastlega reikna með að þegar fólk hættir að finna til skammar fyrir BDSM-iðkun sína, muni það frekar láta vita þegar á því er brotið. Það er BDSM-fólki mikils virði að geta leitað til ráðgjafabjónustu Samtakanna '78 og nú þegar hafa allnokkur BDSM-hneigð ungmanni leitað þangað og fengið ráðgjöf.

1.8.5. Intersex Ísland

Intersex Ísland var stofnað þann 27. júní 2014. Félagið er hugsað sem stuðnings- og baráttusamtök fyrir fólk með ódæmigerð kyneinkenni á Íslandi. Frá stofnun hefur félagið beitt sér fyrir fræðslu um málefni fólks með ódæmigerð kyneinkenni og . Þá hefur það beitt sér fyrir því að fjallað sé um kyneinkenni í mannréttindastefnum stofnana og félaga og hafa til að mynda bæði Reykjavíkurborg og Íþróttabandalag Reykjavíkur í kjölfarið tekið tillit til kyneinkenna í mannréttindastefnum sínum.

Félagið hefur veitt starfsfólki ýmissa stofnana fræðslu. Leiddi samstarf við Umboðsmann barna t.a.m. til þess að embættið birti yfirlýsingu vorið 2015 þar sem aðgerðir á kyneinkennum barna eru fordæmdar ef upplýst samþykki einstaklingsins liggur ekki fyrir.

Fulltrúar félagsins hafa starfað með grásrótarhópi sem unnið hefur að drögum að lagafrumvarp um kynrænt sjálfraði sem getið er í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Upphoflegu drögin hefðu tryggt rétt fólks með ódæmigerð kyneinkenni til líkamlegrar friðhelgi og til að taka sjálft ákvarðanir um hvað væri gert við líkama þeirra.

Nánari upplýsingar má nálgast á www.intersex.is og www.facebook.com/intersexisland

1.8.6. Íþróttafelagið Styrmir

Markmið félagsins frá stofnun þess árið 2006 hefur verið að bjóða upp á íþróttaiðkun þar sem þátttaka er sett ofar sigri og engum er meinaður aðgangur. Þá vilja félagar vera fyrirmynndir fremur en staðalímyndir og telja að sýnileikinn þjóni mikilvægu forvarnarstarfi. Styrmir hefur náð góðum árangri á ýmsum hinsegin íþróttamótum, m.a. á Outgames 2009 í Kaupmannahöfn, Gay Games 2010 í Köln og IGLA sundmótinu 2012 í Reykjavík en félagið sá um skipulag þess og



framkvæmd. Styrmir hefur einnig haldið æfingabúðir og mótt fyrir erlend lið við góðan orðstír.

Styrmir er aðili að Íþróttabandalagi Reykjavíkur og þar með að ÍSÍ og hefur átt gott samstarf við þau félög í gegnum tíðina.

Nánar á: www.facebook.com/styrmir.sport

1.8.7. Trans Ísland

Trans Ísland var formlega stofnað þann 15. febrúar 2007. Félagið er ætlað sem stuðnings- og baráttusamtök trans fólks á Íslandi og hefur átt virkan þátt í að bæta hag trans fólks hér lendis, þar á meðal með því að beita sér fyrir bættri heilbrigðispjónustu, fræðslu, lagabreytingum og almennri vitundarvakningu. Félagið er einnig hugsað sem stuðningur fyrir trans fólk og heldur reglulega viðburði auk þess að fara með fræðslu á ýmsa staði, t.d. í skóla, fyrirtæki og önnur félagasamtök.

Á starfsárinu héldu Trans Ísland vel sótta viðburði, en sá allra stærsti var Landsþing trans fólks sem haldið var á Tin Can Factory. Þar komu saman fólk úr öllum áttum til að ræða hvaða málefni Trans Ísland ætti allra helst að beita sér fyrir, og þá hvernig.

Trans Ísland er með hagsmunaaðild að Samtökunum '78 en er einnig með aðild að IGLYO og TGEU þar sem við þau fá tækifæri til að vinna með öðru trans og hinsegin fólkí á alþjóðavettvangi.

Nánari upplýsingar um félagið er hægt að finna á: www.transisland.is og www.facebook.com/transisland eða með því að hafa samband við stjórn á stjorn@transisland.is

1.8.8. HIN – Hinsegin Norðurland

HIN – Hinsegin Norðurland eru sjálfstætt starfandi samtök hinsegin fólks á Norðurlandi. Samtökin hafa verið starfandi síðan vorið 2011 og eru því tiltölulega ný en fara ört stækandi. HIN tóku þátt í gleðigöngu Hinsegin daga 2011 og hlutu verðskulduð hvatningarverðlaun fyrir atriði sitt í göngunni. HIN standa einnig fyrir jafningjafræðslu í grunn- og framhaldsskólum á Norðurlandi, einstaka hópa og hafa það markmið að færa út kvíarnar og fara með jafningjafræðslu í minni skóla víðar um land.

Almennir fundir fara fram í Húsini í Rósenborg á Akureyri þriðjudaga kl. 19:30 og eru allir velkomnir í fordómalauast umhverfi. Á árinu voru starfræktir fundir HIN eldri sem hugsaður er fyrir 20+ ára meðlimi HIN. Félagið er einnig með facebook-like síðu undir nafninu HIN - Hinsegin Norðurland þar sem fundir og aðrir viðburðir eru auglýstir og fólkí um allt land gefst tækifæri á að spjalla saman.

Nánar á: <https://www.facebook.com/hinsegin> eða í netfanginu hinnorddur@gmail.com



1.9. TENGDIR HÓPAR OG FÉLÖG

Ýmsir aðrir hópar og félög starfa með það að markmiði að berjast fyrir réttindum, styðja við hinseginn fólk og aðstandendur, veita félagsskap og skemmtun, hlúa að menningu og fræða. Listinn er ekki endilega tæmandi.

1.9.1. AA-deild

Hinseginn AA-fundir eru haldnir hvern sunnudag kl. 13 í húsi AA-samtakanna, Tjarnargötu 20, A-sal á fyrstu hæð. Fundina sækir hinseginn fólk á öllum aldri og hefur þessi deild lífað góðu lífi um árabil. Síðasti fundur mánaðarins er ævinlega svokallaður sporafundur, þá er eitt af reynslusporunum tólf lesið og rætt. Talsvert er um félagslíf í deildinni, sólstöðuveislur tvívar á ári og lítt skipulagður kaffihúsahittingur eftir fundi.

Hér er um að ræða arftaka gay-deilda sem kölluð var upphaflega „Deildin okkar“, stofnuð 1984 og starfaði í Ingólfssstræti uns hún fluttist í húsnæði Samtakanna '78 á Lindargötu 49 árið 1987 og þaðan á Laugaveg 3 árið 1990. Hún fundaði á þriðjudögum kl. 21. Um skamman tíma voru tvær hinseginn deildir starfandi, önnur á Laugavegi 3 á þriðjudagskvöldum en hin í Tjarnargötu 20 á sunnudögum, uns sú í húsnæði Samtakanna lognaðist út af, sennilega árið 2010.

Samfleytt AA-starf hinseginn fólks er með öðrum orðum eitt hið elsta og langlifasta í sögu hreyfingarinnar, og raunar var haldið upp á 30 ára afmælið á Hinseginn dögum 2014. Deildin á Tjarnargötu 20 er auglýst í fundarskrá AA sem er að finna á www.aa.is eða á www.gula.is.

1.9.2. Andrými

Andrými er róttækt félagsrými sem ekki er rekið í hagnaðarskyni. Andrými er miðstöð grásrótarstarfsemi í Reykjavík og vettvangur fyrir alls konar fólk til að koma saman og mynda samfélag, funda, halda viðburði, afla sér þekkingar og skipuleggja baráttu í gegn mismunun og kerfisbundinni kúgun. Auk þess býður Andrými þeim sem eiga sér engan griðastað öruggan stað til að vera á yfir daginn. Andrými hefur lagt sérstaka áherslu á að bjóða öruggt rými fyrir hinseginn fólk og átt í góðu samstarfi við Samtökin '78 og fleiri hinseginn félög. Heimasíða Andrýmis er www.andrymi.org.

1.9.3. Ásar á Íslandi

Þann 25. febrúar 2018 var félag eikynhneigðra, Ásar á Íslandi, stofnað í húsnæði Samtakanna '78 á Suðurgötu 3. Síðan þá hefur félagið haldið nokkur opin hús, verið með atríði í Gleðigöngunni 2018 og stuðlað að frekari vitundarvakningu um eikynhneigð á Íslandi. Samtökin '78 hlakka til frekara samstarfs við þetta unga félag. Áhugasönum er bent á að fletta upp „Ásar á Íslandi“ á Facebook.

1.9.4. HIV Ísland

Samtökin '78 og HIV-Ísland eiga í mikilvægu og góðu samstarfi við hina ýmsu félagahópa og einstaklinga bæði innanlands sem utan um HIV-málefnið og baráttuna gegn fordómum og vanþekkingu sem hefur verið svo mikil í áratugi. Þá hafa félögin tvö staðið að ýmsum sameiginlegum viðburðum undanfarin ár.



Fulltrúar HIV-samtakanna og S78 hittast reglulega og bera saman bækur sínar og helstu umræðuefnin síðustu misserin eru afnám reglna Blóðbankans sem hamla körlum sem sofa hjá körlum að gefa blóð, hraðgreiningarprófin sem eru vonandi að verða aðgengileg almenningi og forvarnarlyfið Truvada gegn HIV, PrEP. Nánar um félagið hér: www.hiv-island.is

1.9.5. HLDI

Samtök heyrnarlausra lesbía og homma, H.L.D.I voru stofnuð 13. ágúst 1994 og er sjálfstæður félagsskapur með það að markmiði að standa vörð um réttindi og baráttumál samkynhneigðra og tvíkynhneigðra heyrnarlausra.

1.9.6. Hinseginleikinn

María Rut Kristinsdóttir og Ingileif Friðriksdóttir stofnuðu Snapchat-rásina Hinseginleikann þann 15. júní 2016, sem var orðin að nokkur þúsund manna fræðsluvettvangi þegar þær hættu með snappið. Þangað komu nýir gestasnapparar í hverri viku að segja frá sér og sínum hinseginveruleika. Frá því að snappið var stofnað og þar til að það hætti að vera virkt höfðu hátt í 200 manns verið gestasnapparar. Á snappið kom fólk á öllum hinsegin skalanum og sömuleiðis foreldrar og aðstandendur hinsegin einstaklinga svo eiththað sé nefnt. Í desember 2016 fékk Hinseginleikinn heiðursviðurkenningu Kynfræðifélags Íslands fyrir framúrskarandi starf á sviði kynfræðslu. Árið 2018 stýrði Ingileif vefþáttum um ungt hinsegin fólk á Íslandi undir nafninu „Hinseginleikinn“ fyrir RÚV.

Fylgist með hinseginleikinn á Snapchat!

Nánari upplýsingar: <https://www.facebook.com/hinseginleikinn/>

1.9.7. Hinsegin handavinnuklúbbur

Hinsegin handavinnuklúbburinn hóf göngu sína árið 2015 sem hinseginvænt umhverfi fyrir alls kyns handavinnu. Fyrri hluta ársins 2016 hittist klúbburinn annan hvern sunnudag hjá Samtökunum '78 og hefur haldið áfram að hittast við og við síðan þá. Öllum áhugasönum um að prjóna, hekla eða föndra annað í góðum hinsegin félagsskap er bent á Facebook-hóp klúbbsins, sem ber heitið Hinsegin handavinnuklúbbur.

1.9.8. HinUng

HinUng er hópur fyrir hinsegin fólk á aldrinum 18-30 ára. Félagið var stofnað í desember 2016 en komst loksins af stað seint í janúar 2017 hefur hist reglulega í Regnbogasalnum á laugardögum.. Markmið hópsins er að brúa bilið milli Ungliða Samtakanna '78 og Q-félagsins og áhersla er lögð á trúnað, virðingu og traust.

1.10.9. Stelpur rokka!

Stelpur rokka! eru sjálfboðaliðarekin samtök sem starfa af femínískri hugsjón við að efla ungar stelpur og trans og intersex krakka í gegnum tónlistarsköpun. Kjarninn í starfinu eru rokksumarbúðirnar, þar sem þátttakendur læra á hljóðfæri, spila saman í hljómsveit, kynnast farsælum tónlistarkonum, fræðast um ýmsar hliðar tónlistar og jafnréttissbaráttu og koma fram á lokatónleikum fyrir framan fullan sal vina og fjölskyldu. Alls hafa yfir 750 stelpur, konur, trans og kynsegin einstaklingar tekið þátt í rokkbúðum Stelpur rokka! síðastliðin 7 ár og myndað yfir 200 hljómsveitir. Samstarf Stelpur rokka! og Samtakanna '78 hófst árið 2016. Á starfsárinu 2017-2018 héldu Stelpur rokka! vinnusmiðju í raftónlistarsköpun í hinsegin félagsmiðstöð



ungliða S78 sem gerði mikla lukku. Gagnkvæm ánægja er með samstarfið og stefnt er að því að efla það enn frekar. Nánari upplýsingar á www.stelpurrokka.org

1.10. FÉLÖG OG FYRIRTÆKI TENGD HINSEGIN VIÐBURÐUM OG MENNINGU

Félögin eru af ýmsum toga en eiga það öll sameiginlegt að skapa hinsegin fólk vettvang til félagsskapar og skemmtunar. Þau eru virkur þáttur í hinsegin samféluginu, auðga menninguna og hleypa lit í lífið. Listinn er ekki endilega tæmandi.

1.10.1. DOB Iceland

Dykes on Bikes® Iceland er klúbbur lesbískra kvenna með próf á stór mótorhjól. Frá upphafi hafa lesbíur á mótorhjólum leitt gleðigönguna niður Laugaveginn á Hinsegin dögum eins og tíðkast í Gay Pride göngum um allan heim. Það var þó ekki fyrr en í ágúst 2009 sem þær loksns stofnuðu með sér klúbb og sóttu um inngöngu í alþjóðlegu mótorhjólasamtökin Dykes on Bikes®. Alþjóðleg skilyrði fyrir inngöngu eru þau að viðkomandi sé með próf á stórt mótorhjól og sé yfirlýst lesbía, s.s. Dyke on Bike.

1.10.2. Bears on Ice

Bears on Ice er non-profit viðburður skipulagður af áhugasönum sjálfboðaliðum sem vilja auka fjölbreytileika íslensku gay senunnar og fá til landsins nýjustu strauma í tónlist og skemmtun.

Bears on Ice hafa leitast við það í gegnum tíðina að nýta og kynna bleika hagkerfið, þ.e. að beina viðskiptum til fyrirtækja sem eru „gay-owned or operated“ eins og það kallast. Ekki bara varðandi þessa hátið heldur einnig á gayice.is upplýsingaveitunni sem hópurinn rekur einnig. Bears on Ice studdu Samtökin '78 dyggilega meðan þau voru á Laugavegi 3. Eftir viðburðinn 2015 vildi hópurinn styrkja frábært starf HIV Ísland og gaf þá 400.000 kr. og aftur 2016 gaf hann 300.000 kr. til HIV Ísland. Árið 2017 endurtóku Bears on Ice leikinn og náðu að styrkja HIV Ísland um 300.000 krónur. Bears on Ice viðburðurinn var haldinn í 14. sinn um haustið 2018. Sjá nánar á <https://bearsonice.org/>.

1.10.3. Dívugleðin

Hin sívinsæla dívugleði er nokkurs konar árshátið hinsegin kvenna. Dívugleðin var síðast haldin í lónó 20. október 2018 með pompi, prakt og mikilli stemmningu og tóku Samtökin '78 virkan þátt í að kynna gleðina.

1.10.4. Kiki Queer Bar

Kiki Queer Bar er hinsegin skemmtistaður á hýrasta horninu í Reykjavík, Laugavegi 22, en húsið á sér langa sögu sem einskonar annað heimili hinsegin fólks. Kiki býður upp á góða tónlist, skemmtun og vinalegt andrúmsloft og er opið um helgar en býður einnig upp á einkasamkvæmi og viðburði af ýmsu tagi. Kiki hefur stutt Samtökin og átt í góðu samstarfi við þau um ýmsa viðburði og annað í gegnum tíðina. Einnig fá félagar í Samtökunum '78 afsláttarkjör hjá Kiki. Nánar á: www.kiki.is

1.10.5. Pink Iceland

Pink Iceland sérhæfir sig í skipulagningu ferða, afþreyingar, viðburða og brúðkaupa fyrir hinsegin ferðamenn. Pink Iceland býður upp á sérsniðnar „hinsegin ferðir“ þar sem er lagt upp með fordómalaust viðmót í samstarfi við útvalda aðila sem geta



uppfyllt kröfur fyrirtækisins. Fyrirtækið tekur að sér skipulagningu brúðkaupa, brúðkaupsferða og öllu því sem því tilheyrir. Pink Iceland sér um skipulagningu Rainbow Reykjavík, sem er árleg hinsegin vetrarhátið. Pink Iceland vann til Nýsköpunarverðlauna SAF árið 2012 og er stoltur aðili að IGLTA (International Gay and Lesbian Travel Association). Hjá fyrirtækinu starfa nú 10 starfsmenn.

1.10.6. Draggkeppni Íslands

Draggkeppni Íslands fer fram árlega í Höru. Dragg er trúlega eitt elsta form leiklistar sem þekkist í heiminum og er sprottið upp frá þeim tínum er konum var meinaður aðgangur að því að koma fram á sviði í leiksýningum, sem gerði það að verkum að öll hlutverk kvenna í leikritum voru leikin af karlmönnum. Nú í dag keppast konur og karlar um að verða kóngur og drottning Íslands ár hvert. Draggkeppni Íslands féll niður árið 2016 en stefnt er að því að hún verði endurvakin á næstu árum.

1.10.7. Drag-Súgur

Drag-Súgur er grásrótarhópur listamanna og skemmtikrafa sem hefur staðið fyrir fjölbreyttum mánaðarlegum sýningum, auk þess að koma að hinum ýmsu uppákomum, uppistöndum og skemmtunum með dragi, söng, leik og gleði síðan í nóvember 2015. Árið 2017 skipulagði hópurinn fjölda viðburða og byrjaði á nýjung er kallast Drag-Lab en þar geta nýjar dragdrottningar og dragkóngar sýnt listir sínar.

Nánar á: www.facebook.com/dragsugur og <https://dragsugur.wordpress.com/>

1.10.8. Innblástur! Arkestra

Innblástur! Arkestra er samfélagslega meðvituð götusveit sem er opin fyrir þátttöku allra, óháð kunnáttu, kyni, uppruna, kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu, fötlun, efnahagi og öðrum þáttum sem geta verið jaðarsetjandi. Innblástur! Arkestra er aktívistaband sem tekur þátt í að skapa réttlátara samfélag fyrir alla með öllum tiltækum ráðum, til að mynda með þátttöku í mótmælum og öðrum viðburðum sem miða að auknu samfélagslegu réttlæti eða með því að spila á viðburðum sem hafa það sama markmið. Ennfremur spilar bandið á götum úti þar sem tónlistin er aðgengileg öllu fólki og tónlistarfólkioð er í návígí við áheyrendur. Í öllu starfi Innblásturs! Arkestru er lögð áhersla á að fólk sem er í aukinni hættu á að upplifa jaðarsetningu sé öruggt og sem minnst hætta sé á að það verði fyrir rasisma, ableisma, heteroseksima, cis-sexisma eða annarri áreitni eða misrétti vegna stöðu sinnar. Engin stjórн er í Innblæstri! Arkestru. Ákváðanir eru teknar í samráði allra meðlima þar sem rætt er opinskátt um það sem ræða þarf hverju sinni. Hljómsveitin flutti æfingaaðstöðu sína frá Suðurgötu 3 og æfa nú frístundaheimilinu hjá Laugarnesskóla á miðvikudögum kl. 20.

Nánar hér: <https://www.facebook.com/innblastur>

1.10.9. Hinsegin frá Ö til A

Hinsegin frá Ö til A er fræðsluvefur sem stofnuð var í september árið 2017. Að vefnum standa Auður Magndís Auðardóttir og Íris Ellenberger. Á vefnum er búið að taka saman ýmis konar hugtök sem koma við sögu í hinsegin fræðum, menningu, sjálfsmyndum og pólitík. Hlekkurinn á vefinn er <https://otila.is>



2. FJÁRMÁL, REKSTUR, ÚTGÁFA OG UPPLÝSINGAMÁL

Rekstur ársins 2018 var tiltörulega stöðugur þrátt fyrir nokkur óvænt útgjöld sem þó hafa ekki íburðarmikil áhrif á stöðu rekstrarreiknings Samtakanna '78. Samtökin eru að skila minni tapi en fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 og ársfjórðungsuppgjör bentu til, og má því segja að reksturinn sé stöðugur. Þrátt fyrir þann stöðugleika þá er mikill vilji til þess að auka sjálfsaflafé Samtakanna en vegna góðra þjónustusamninga við bæði ríki og sveitarfélög þá helst reksturinn fram veginn. Þjónustusamningar við ríki og sveitarfélög hafa hækkað um 120% á síðustu misserum og hefur það fé farið nær allt í grunnþjónustu Samtakanna, eflingu reksturs og aukið starfsmannahald. Það sem situr hefur eftir er útgáfustarfsemi og skrifstofuaðstaða starfsfólks. Með auknu sjálfsaflaféi, t.d. með mánaðarlegum styrktaraðilum, gæti rekstur Samtakanna orðið sjálfbærari og tilbúnari til óvæntra útgjalda.

Bókari Samtakanna '78 síðasta rekstarár er Gunnar Gunnarsson hjá Bókhaldsstofunni Urðarási. Gunnar hefur farið í mikla tiltekt á bókhaldslyklum og samræmingu á ólíkum kerfum, t.d. hvernig ársreikningar eru birtir, sem og fjárhagsáætlanir og sjóðsstreymi.

Á starfsárinu skiptu Samtökin '78 um viðskiptabanka og færðu sig frá Íslandsbanka til Landsbankans. Landsbankinn hefur reynst Samtökunum afar vel þegar kemur að sveigjanlegri þjónustu og vilja til að aðstoða fjárhagslega.

2.1. ÞJÓNUSTUSAMNINGAR

Á starfsárinu voru skrifað undir þrjá þjónustusamninga, við Hafnarfjarðarbæ, Velferðarráðuneytið og Forsætisráðuneytið.

8. mars 2018 skrifaði Daniel E. Arnarsson undir samning við Velferðarráðuneytið. Það jákvæðasta við þann samning var að framlög til Samtakanna tvöfölduðust, fóru úr sex milljónum á ári í tólf milljónir. Þetta var gríðarleg innspýting inn í grunnrekstur Samtakanna sem gátu þá loks komið starfsmannahaldi í betra horf og farið í mikilvæga útgáfustarfsemi sem hafði setið á hakanum. Einnig var nauðsynlegt að hækka þóknun ráðgjafa og var farið í það strax en þóknunin var hækkuð um 40%.

26. júní 2018 skrifaði Daniel E. Arnarsson framkvæmdastjóri undir samstarfssamning við Hafnarfjarðarbæ um fræðslu í skólamarkaðum og ráðgjöf. Miðað við er að samningur við Hafnarfjarðarbæ sé endurgerður árlega og uppfærður út frá nýjum forsendum eftir því sem við á. Samtökunum er greitt 870.000 kr. fyrir þjónustu í Hafnarfirði.

Málefni hinsegin fólks fluttist um áramót 2018/2019 frá félags- og jafnréttisráðherra í Velferðarráðuneytinu yfir til nýrrar skrifstofu jafnréttismála sem heyrir undir Forsætisráðuneytið. Vegna þessa þurftu Samtökin að hafa hraðar hendur við gerð nýs þjónustusamnings við ríkið en eldri þjónustusamningur rann út áramótin 2018/2019, því var rúmur mánuður þar sem Samtökin voru samningslaus við ríkið.

7. febrúar var svo loks skrifað undir þjónustusamning við Forsætisráðuneytið en María Helga Guðmundsdóttir, formaður Samtakanna '78, og Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, hittust í ráðuneytinu og kláruðu samninginn með undirskrift.



Í frétt ráðuneytisins segir m.a.: „Í samræmi við áherslur stjórvalda verður ráðgjafar- og fræðsluhlutverk Samtakanna '78 eftir með fjárframlagi forsætisráðuneytisins. Þannig er samningnum ætlað að stuðla að hinseginvænu samfélagi og auknum sýnileika hinsegin fólks. Skal þjónusta þessi beinast annars vegar að hinsegin einstaklingum og aðstandendum þeirra og hins vegar að fagfólk í almannaþjónustu s.s. í opinberri stjórnsýslu og skólum.“

Fimmtán milljónir fá Samtökin '78 frá forsætisráðuneytinu á árinu 2019.

Samtökin '78 eru afar ánægð með samninginn, telja hann góðan og hlakka til að vinna með nýrri skrifstofu jafnréttismála.

2.2. STYRKIR

2.2.1. Landsbankinn, bakhjalr Samtakanna '78

Við fjárlun afmælisárs Samtakanna var haft samband við yfir 100 fyrirtæki á Íslandi. Aðeins tvö fyrirtæki svöruðu því kalli og annað þeirra var Landsbankinn. Markaðsstýra Landsbankans hefur mikinn áhuga á málefnum hinsegin fólks og hefur Landsbankinn styrkt Samtökin um 2.000.000 króna á síðustu tveimur árum ásamt því að kaupa auglýsingar í afmælisrit og nú síðast tekið frá auglýsingapláss á LED skjáum og vefborðum sem Samtökin geta notað. Það er Samtökunum gríðarlega dýrmætt að Landsbankinn sjái sér fært að styrkja því það fé er notað í kynningarstarfsemi og sértæk verkefni, eitthvað sem þjónustusamningar við hið opinbera gera ekki ráð fyrir. Elínborgu V. Kvaran, markaðsstýru Landsbankans, er þakkað innilega fyrir hennar góða starf.

2.2.1. Hinsegin sokkar, samstarf.

Í júlí óskaði fyrirtækið Sockbox eftir samstarfi með Samtökunum. Þau vildu framleiða hinsegin sokka, regnbogalitaða sokka, til styrktar Samtökunum '78. Samtökin töku vel í þetta boð. Salan gekk prýðilega hjá Sockbox en sokkarnir voru m.a. seldir í Kaupfélagi Hinsegin daga og á vefnum hinseginsokkar.is. Samtökin þakka Sockbox innilega fyrir gott samstarf.

2.3. KOMANDI REKSTRARÁR

Samtökin '78 standa sterkt en þó má ávallt gera betur. Lausafjárstaða Samtakanna er sæmileg en stærri þjónustusamningar kalla á umfangsmeiri starfsemi með tilfallandi kostnaði. Rekstrarárið 2019 ætti að vera svipað og síðustu rekstrarár, þó að Samtökin vilji vera nær nálli undir lok þess. Samtökin hafa ekki þurft að taka nein lán starfsemi sinnar vegna og eign þeirra í Suðurgötu 3 heldur verði sínu vel. Samtökin sjá fyrir sér að fjölga enn frekar starfsfólki og fara úr 2,5 stöðugildum í þrjú sem allra fyrst, einnig eru endurbætur á aðstöðu starfsfólks í burðarliðnum. Til að mæta þeim kostnaði þá þurfa Samtökin að auka sjálfsaflafé sitt, finna fjársterkan bakhjalr eða opna á nágildandi þjónustusamninga.



2.4. SKRIFSTOFA OG STARFSFÓLK

Skrifstofa Samtakanna '78 hæfur stækkað umtalsvert á starfsárinu. Daníel E. Arnarsson hefur verið framkvæmdastjóri frá 1. júlí 2017 og Sólveig Rós fræðslustýra frá 1. október 2016.

Vegna hagstæðra þjónustusamninga fyrir árið 2018 þá var ákveðið að fjölga stöðugildum á skrifstofu úr 1,5 í 2,5. Ráðningarsamningur Sólveigar Rósar var endurnýjaður og hún ráðin í 100% starf. Einnig var auglýst eftir skrifstofustýri í 50% stöðu. Auglýst var eftir umsækjendum síðla júní 2018 og viðtöl hófust undir lok júní og í byrjun júlí 2018. Níu umsóknir bárust og sá framkvæmdastjóri, þáverandi varaformaður, Sigurður Július Guðmundsson, og utanaðkomandi mannauðsráðgjafa, Ísabellu Þráinsdóttur, um úrvinnslu og viðtöl.

Að loknu umsóknarferli og viðtölum var ákveðið að bjóða Heiðrúnu Fivelstad starf skrifstofustýru og hóf hún störf 13. ágúst 2018.

Því eru stöðugildi Samtakanna orðin 2,5.

Eftir sem áður hafa Samtökin notið þess að öflugir sjálfböðaliðar hafa starfað með Samtökunum, með auknu starfsmannahaldi hafi fjöldi mála flust yfir á launað starfsfólk en þó eru enn verkefni sem sjálfböðaliðar sinna. Samtökin vilja halda áfram að flytja allan almennan rekstur yfir á launað starfsfólk og halda sjálfböðaliðadrifnum verkefnum sértækum. Sú vinna er áfram í gangi. Aukið starfsmannahald tryggir sjálfbærni Samtakanna og með tíð og tíma aukið stofnanaminni.

2.5. HÚSNÆÐISMÁL

Húsnæði Samtakanna '78 í Suðurgötu 3 fékk yfirhalningu á starfsárinu. Farið var í að lagfæra sprunguskemmdir utan á húsnæðinu eftir að í ljós kom leki inn í húsnæðið á ýmsum stöðum, ásamt þessum lagfæringum voru gluggar á efri hæðum lagaðir og betrumbættir. Að lokum var húsnæðið málað hvít og því miður lifði listaverk Loru Zombie ekki þessar viðgerðir af og því prýðir enginn einhryringur Suðurgötuna lengur, en listaverkið var málað á vegg hússins fyrri Iceland Airwaves árið 2016.

Þrátt fyrir framkvæmdir utan á húsnæðinu hafi gengið vel þá voru þær kostnaðarsamar bæði fyrir hússjóð Suðurgötu 3 sem og eigendur húsnæðisins. Hluti Samtakanna voru rúm hálf milljón. Næstu framkvæmdir eru ekki eins áríðandi og þær framkvæmdir sem farið var í á starfsárinu. Skipta þarf um þakrennur, múra pall bakdyramegin á Suðurgötu og steypa ofan í holu sem myndast hefur vegna lélegs frárennslis þakrenna. Þetta eru ekki taldar meiriháttar viðgerðir.

ENN þarf að koma geymsluaðstöðu Samtakanna í gott horf. Þó ber að nefna að skjalaskápur Samtakanna er í tryggri vörslu Borgarskjalasafns. Einnig þarf að fara í mikilvægar aðgerðir til að bæta vinnuaðstöðu starfsfólks, en Suðurgatan hentar ekki nægilega vel sem skrifstofuaðstaða fyrir þrennt starfsfólk.

Regnbogasalurinn er í góðu ástandi, en þó þarf að fara í heilmálun fyrir sumarið. Helga Haraldsdóttir og Heiðrún Fivelstad sjá um þrif á húsnæðinu en þær tóku við af Védísi Mist Agnadóttur í ágúst 2018. Þökkum við Védísi innilega fyrir hennar störf.



2.6. UPPLÝSINGA- OG KYNNINGARMÁL

Samtökin '78 halda úti vefsíðu, póstlista og eru virk á helstu samfélagsmiðlum svo sem Facebook, Twitter og Instagram. Samtökin þurftu að endurskipuleggja póstlista sína vegna nýrrar persónuverndarlöggjafar og gekk sú vinna vel. Samtökin vilja í framtíðinni hafa fjóra póstlista, einn almennan þar sem öll geta skráð sig, einn þar sem styrktaraðilar eru skráðir, einn fyrir félagsfólk og að lokum einn fyrir virka sjálfboðaliða.

Þrátt fyrir að Samtökin séu virk á miðlunum og þá sérstaklega á Facebook, þá þarf að marka skýrari stefnu hvernig Samtökin miðla efni sínu á vefnum og á samfélagsmiðlum. Á komandi rekstarári þá verða fundnar frekari leiðir til að ná til breiðari hóps fólks.

2.6.1. Heimasíða

Ný heimasíða Samtakanna '78 opnaði 24. ágúst 2018. Vefurinn er nútímalegri og skilvirkari en sá eldri og nú er hægt að bóka fræðslur og ráðgjöf beint í gegnum vefinn. Þetta hefur auðveldað úrvinnslu, gert það að verkum að Samtökin eru sýnilegri og einnig aðgengilegri fyrir þau sem nýta sér þjónustu Samtakanna '78. Vefhönnuður er Rafn Steingrimsson en hann hefur m.a. sett upp vefsíður fyrir Hinsegin daga og Hinsegin kórinn.

Áfram er unnið markvisst að því að birta meira efni á öðrum tungumálum en íslensku. Vefurinn sinnir tvíþættu hlutverki, að koma skilaboðum og upplýsingum á framfæri en einnig að vera heimild fyrir pistla, ræður og greinar sem hafa birst í gegnum árin. Þýðingar á vefnum taka langan tíma en það er von Samtakanna að á næstu misserum skuli efni vera aðgengilegt a.m.k. á ensku á heimasíðunni.

2.6.2. Facebook síða

27. febrúar 2019 var fjöldi þeirra sem líkuðu við Facebook síðu Samtakanna 6.291 manns. Ári á undan líkuðu 6.022 manns við Facebook síðuna, sem gerir 4,47% á innan við einu ári.

Aukningin hefur verið tiltörulega jöfn á árinu en þó má taka eftir uppsveiflu á deginum sem ráðstefnan um málefni trans barna var haldin í Iðnó, sem bar heitið Undir Regnboganum. Einnig var aukning í kringum Hinsegin Daga.

Facebook-síðan er eitt helsta tækið í upplýsingamiðlun samtakanna. Áframhaldandi vinnu er þörf við móton ritstjórnarstefnu fyrir vef og Facebook-síðu félagsins.

2.6.3. Twitter - reikningur

Samtökin '78 hafa ekki verið virk á Twitter í þó nokkurn tíma. Á starfsárinu var unnið markvisst að því að bæta úr því með tilheyrandi sýnileika og upplýsingagjöf. Á Twitter hafa Samtökin birt helstu fréttir, hafa notað tækifærið og dreift efni annarra og komið mikilvægum skilaboðum á framfæri. Twitter reikningurinn fékk andlitslyftingu um mitt starfsárið í samræmi við Facebook og Instagram.

2.6.4. Instagram - reikningur

Samtökin '78 tóku þá ákvörðun að vera virkari á Instagram á starfsárinu bæði með því að setja þar inn myndir og myndbönd, en einnig nýta „story“ þar sem það helsta sem er að gerast yfir daginn er birt. Áfram munu Samtökin nota Instagram til að auglýsa viðburði eða vekja athygli á málefnum hinsegin fólks.



2.7. ÚTGÁFUVERKEFNI

Á starfsárinu 2018-2019 fóru Samtökin í nokkur útgáfuverkefni. Það er von Samtakanna að fara í enn fleiri verkefni af þessu tagi öllu hinsegin fólk til góða.

2.7.1. Rainbow Iceland

Rainbow Iceland – Your rights and resources er verkefni sem Samtökin munu klára á næstu vikum og hét áður Reaching out. Rainbow Iceland upplýsinga- og kynningarbæklinga sem miðaðir eru að hinsegin fólk sem talar ekki eða litla íslensku. Grunnbæklingurinn sem er á ensku er tilbúinn og búið er að þýða hann á fjögur tungumál en vilji er til að þýða hann á mun fleiri tungumál. Það er von Samtakanna að verkefnið muni halda áfram að færa okkur í átt að auknu aðgengi fyrir fólk sem talar litla eða enga íslensku, en einnig er þetta mikilvægur liður til að auglýsa þjónustu Samtakanna til þeirra sem þurfa á henni að halda.

2.7.2. Hvað er hinsegin?

Hvað er hinsegin?, bæklingur sem Samtökin '78 gáfu út í samstarfi við Reykjavíkurborg fyrir nokkrum árum fær andlitslyftingu á næstu dögum og verður prentaður aftur í samstarfi við borgina. Bæklingurinn nýtist bæði fræðslustarfi Samtakanna sem og fræðslum Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Í þessum stutta bæklingi er tæpt á því allra helsta er varða hinseginleikann og Samtökin '78.

2.7.3. Ég styð réttindi trans og intersex fólks

Samhliða frumvarpi um kynrænt sjálfræði fóru Samtökin af stað í auglýsingaherferð til að auka sýnileika frumvarpsins sem og að styðja það með ótvíræðum hætti. Talað var við áberandi einstaklinga víðsvegar úr samfélaginu og þau fengin til að sitja fyrir á ljósmynd þar sem textanum „Ég styð réttindi trans og intersex fólks“ var komið fyrir við hlið einstaklingsins. Góð þátttaka var í verkefninu og lítið mál var að fá einstaklinga í lið með Samtökunum. Auglýsingarnar munu birtast á LED-auglýsingaskiltum víðsvegar um höfuðborgarsvæðið. Einig munu auglýsingar birtast á samfélagsmiðlum og á netborða á mbl.is. Leifur Wilberg Orrason hafði yfirumsjón með verkefninu, ljómsyndaði og vann auglýsingarnar. Er Leifi þakkað fyrir hans góða verk.

2.7.4. Samstarf með Amnesty International

Íslandsdeild Amnesty International setti mikla áherslu á réttindi intersex og trans fólk á þessu starfsári. Aðalskrifstofa Amnesty International í London setti af stað rannsókn um intersex fólk á Íslandi og af því tilefni fór Íslandsdeild Amnesty í framleiðslu á myndböndum sem dreift var á samfélagsmiðlum og á RÚV. Samtökin '78 unnu náið með Íslandsdeildinni að framleiðslu myndbandanna sem og dreifingu þeirra, en Pegasus hafði yfirumsjón með verkefninu. Samtökin vilja nýta tækifærið og þakka Íslandsdeild Amnesty International fyrir öflugt samstarf undir lok starfsársins.

2.8. FÉLAGATAL

Félagar sem greiddu félagsgjöld á árinu 2018 voru 532, aðeins einum færri en frá árinu áður. Skráðum félögum fjölgaði á árinu, frá 1316 félögum til 1323 félaga. Meðalaldur félagsfólks hækkaði um eitt ár frá 2017 og er nú 42 ára.

Almenn félagsgjöld eru 5.900 kr og félögum sem borga full gjöld hefur fjölgað frá því í fyrra. Afsláttargjöld eru eftirfarandi: 2.900 kr. fyrir eldri borgara, öryrkja, og nema.



Einstaklingar undir átján ára greiða aðeins 1.500 kr. Greiðsluseðlar vegna félagsgjalda ársins 2019 hafa verið sendir út.

Heildartekjur félagsins af félagsgjöldum árið 2018 námu kr. 2.654.300 kr. Skiluðu félagsgjöld kr. 255.540 meira í ár en í fyrra.



3. ALPJÓÐAMÁL

3.1. REGNBOGAKORT ILGA EUROPE

Loksins kom að því að prósenta Ísland hækkaði lítillega á Regnbogakorti ILGA-Europe. Ísland fór úr 47% í 52%. Ástæðan fyrir þessu voru lög um jafna meðferð á vinnumarkaði. Þau lög gilda um jafna meðferð einstaklinga á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu. Er þetta í fyrsta skipti í íslenskum lögum þar sem allir flokkar hinseginleikans, þ.e. kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni og kyntjáning, eru taldir upp.

Þó hækkar Ísland ekki upp um sæti á kortinu ennþá og deilum 16. sætiiniu með Írlandi og Grikklandi þegar kemur að lagalegum réttindum hinsegin fólks.

Ef skoðaðir eru flokkarnir sex sem liggja kortinu til grundvallar, þá er staða Íslands eftirfarandi:

Jafnrétti og bann við mismunun: 29%

Réttur samkynja para í fjölskyldumálum: 89%

Hatursorðræða og hatursglæpir: 26%

Lagaleg viðurkenning á kynvitund og líkamleg friðhelgi: 49%

Funda-, félaga- og tjáningarfrelsí: 100%

Málefni hinsegin hælisleitenda: 0%

Tilmælin til Íslands frá ILGA-Europe um hvað stjórnvöld geta gert til að bæta stöðu sína eru nánast þau sömu og árið áður. Að banna læknisfræðileg inngríp í líkama intersex barna sem ekki eru nauðsynleg og má fresta þar til einstaklingurinn getur veitt upplýst samþykki sitt. Að uppfæra lagarammann utan um kynskráningu svo hann byggi á sjálfsákvörðunarrétti frekar en kröfum um greiningu geðlæknis og/eða læknisfræðileg inngríp.

3.2. ÁRSÞING ILGA EUROPE

Dagana 24.-27. október 2018 fór fram árleg ráðstefna ILGA-Europe, evrópskra regnhlífarsamtaka hinsegin fólks, í Brussel, Belgíu. Þema ársþingsins var „Politics for Change“ þar sem mikilvægi stjórnmálamanna, löggjafans, fyrirtækja og bandamanna var í forgrunni og hvernig hinsegin samtök eða félög geta nýtt krafta sína þegar kemur að þrystingi á þau sem stjórna. Þáttakendur voru á sjötta hundrað frá um 50 löndum í Evrópu og víðar.

Samtökin '78 hafa lagt ríka áherslu á það að taka virkan þátt á ársþinginu og því voru fjórir einstaklingar sendir á þingið. María Helga Guðmundsdóttir formaður, Unnsteinn Jóhannsson varaformaður, Sólveig Rós fræðslustýra og Daníel E. Arnarsson framkvæmdastjóri skipuðu íslensku sendinefndina í Brussel. Auk þeirra sótti Kitty Anderson þingið fyrir hönd Intersex Íslands og OII Europe.



Vinnustofur sem ILGA-Europe bauð upp á voru fjölbreytilegar og fræðandi, þær tóku á ýmsum málum, t.d. lýðheilsumálum, ofbeldi, fjármálum, virkri stjórnun, málefni hinsegin flóttafólks, kynjafræði og bleikþvætti (e. pink washing).

Vinnustofurnar nýttust vel til að mynda tengsl við félög og aðgerðasínna erlendis og til að afla og miðla upplýsingum um starfsemi á þessum sviðum. Einnig sótti sendinefndin fund með fulltrúum annarra hinsegin félaga á Norðurlöndunum þar sem fram kom gagnkvæmur vilji til að efla norrænt samstarf, rétt eins og í Varsjá árið áður. Íslenska sendinefndin lagði þó aukna áherslu á þetta samstarf sem loks hefur borið einhvern árangur.

3.3. EFLING NORRÆNS SAMSTARFS

Samtökin '78 ásamt SETA Finnlandi og FRI Noregi áttu frumkvæði að því að kalla saman fund um málefni hinsegin eldra fólks. Fundurinn var haldinn sem hliðarviðburður á ársþingi ILGA-Europe. Eftir þann fund var ákveðið að hittast með öllum norrænu félögunum og bættust þá við LGBT Danmark í Danmörku og RFSL í Svíþjóð. Á þeim fundi var mikill vilji fyrir því að efla norrænt samstarf og uppástunga um að hittast á Íslandi í byrjun árs 2019. Það því miður gekk ekki eftir þrátta fyrir mikinn vilja Samtakanna '78 en vegna anna gátu hvorki SETA né RFSL setið fundinn. Norrænu félögin eru enn í sambandi og vilja funda saman sem allra fyrst til að byrja formlegt samstarf, hvort sem það verður í Osló í maí eða Stokkhólmi í sumar.

3.4. YFIRLÝSING VEGNA FREGNA FRÁ BANDARÍKJUNUM UM ENDURSKILGREININGU Á HUGTAKINU KYN

23. október 2018 voru fregnir af því að ríkisstjórn Trump Bandaríkjaforseta ætlaði að endurskilgreina kyn og það hvernig kynskráningu er háttáð í Bandaríkjunum. Samtökin '78 ásamt Hinsegin dögum, Intersex Ísland og Trans Ísland sendu frá sér eftirfarandi yfirlýsingu:

Enn eina ferðina vegur voldugt þjóðríki að réttindum hinsegin fólks um leið og það hreykir sér af vernd frelsis og mannréttinda.

Þær fréttir berast nú að heilbrigðisráðuneyti Bandaríkjanna hyggist endurskilgreina hugtakið kyn í lögum um jafnan rétt til mennta. Ráðuneytið talar fyrir skilgreiningu á kyni „á líffræðilegum grundvelli sem sé skýr, byggður á vísindalegum grunni og nothæfur í stjórnsýslu“, og er lendingin sú að skipta mannkyninu varanlega í karla og konur út frá útliti kynfæra við fæðingu. Þessi fyrirætlun endurspeglar hvort tveggja í senn: gapandi skort á vísinda- og sögubekkingu og djúpstæða fyrirlitningu í garð trans og intersex fólks.

Sú hugmynd að skipta megi mannkyninu í two fullkomlega einsleita líffræðilega flokka, karla og konur, er ofureinföldun sem kannski hentar ágætlega til líffræðikennslu í grunnskólum. Hún fangar þó engan veginn hinn margslungna veruleika líffræðilegs kyns. Í krafti þessarar einföldunar hefur intersex fólk verið afmáð af spjöldum sögunnar og sætt grófum mannréttindabrotum, oft af hálfu opinberra stofnana, sem eru fyrst nú að koma í ljós. Tillaga heilbrigðisráðuneytis Bandaríkjanna væri gríðarlegt bakslag í mannréttindabaráttu intersex fólks og enn ein tilrauna yfirvalda til að afmá tilvist þeirra.



Eins hefur ekkert samfélag verið til án fjölbreytileika í kynvitund. Sama hvert er litið í sögunni hafa manneskjur samsamað sig öðru kyni en því sem þeim var úthlutað í frumbernsku. Fólk með fjölbreytta kynvitund hefur alla tíð auðgað mannleg samfélög og menningu. Það er á ábyrgð hvers samfélags fyrir sig að ákveða hvort það bregst við fjölbreytileika með ofbeldi og útskúfun, eða með inngildingu, sátt og samlyndi.

Þessi trans- og intersexfóbiska tillaga er sérlega hneykslanleg í ljósi utanríkisstefnu Bandaríkjanna, sem inniber háværan stuðning við mannréttindarbaráttu hinsegin fólks og ámæli til annarra fyrir mannréttindabrot. Í nóvember 2017 fordæmdu Bandaríkin hómofóbískt ofbeldi í Tsjetsjeníu og í maí síðastliðnum, á Alþjóðlegum degi gegn fordóum í garð hinsegin fólks (IDAHOTB) sagði Mike Pompeo utanríkisráðherra: „Bandaríkin standa með fólkum um heim allan og staðfesta reisn og jafnrétti alls fólks, óháð kynhneigð, kynvitund eða kyntjáningu, eða kyneinkennum.“ Þetta ósamræmi sýnir í besta falli fram á skammarlegan skort á stefnu í málefnum hinsegin fólks. Í versta falli er það til vitnis um hroka og hræsni.

Tilvist trans fólks og intersex fólks er óyggjandi veruleiki. Hún verður aldrei afmáð með pennastriki. Það er ekki bandarískra yfirvalda að úrskurða um það hvort trans og intersex fólk sé til, heldur að ákveða hvernig þau muni koma fram við borgara sína. Í sjálfstæðisyfirlýsingu Bandaríkjanna er ritað að allir menn séu „skapaðir jafnir og frjálsir, og að af jafnri sköpun þeirra leiði ásköpuð, óafsalanleg réttindi, þar á meðal réttinn til lífs, frelsis og hamingjuleitar“. Spurningin sem Bandaríkin standa nú frammi fyrir er: Ætla þau að standa vörð um þessi réttindi allra borgara sinna – eða troða á þeim?



4. FÉLAGS- OG SÁLFRÆÐIRÁÐGJÖF

Samtökin '78 bjóða upp á ráðgjöf í formi viðtalstíma árið um kring. Hægt er að fá viðtalstíma bæði í gegnum síma og í eigin persónu, fyrir einstaklinga, fólk í samböndum og fjölskyldur. Hægt er að panta ráðgjöf í gegnum heimasíðu Samtakanna '78 eða með því að senda skrifstofu tölvupóst. Einnig má hafa samband við ráðgjafa símleiðis eða í gegnum tölvupóst. Ráðgjafarnir hitta skjólstæðinga sína í ráðgjafaherbergi í húsnæði Samtakanna '78. Skjólstæðingum stendur til boða að mæta án endurgjalds í þrjú skipti, en að þeim tímum loknum gefst fólk kostur á að mæta í viðtöl gegn greiðslu. Undanþágur frá greiðslum eru gerðar í einhverjum tilfellum t.d. ef um flóttamenn og hælisleitendur er að ræða. Ráðgjafar Samtakanna '78 benda einnig á aðra meðferðaraðila, telji þeir það eiga við - sem og ef fólk leitar eftir því.

Umfang ráðgjafarþjónustunnar hefur aukist mikið á undanförnum tveimur árum. Árið 2016 fjölgaði viðmælendum upp í 181 og viðtölin voru 202. Árið 2017 var fjöldi viðmælenda svipaður eða 176 en viðtolum fjölgaði hins vegar mikið eða upp í 334. Á síðasta ári, 2018, var fjöldi viðmælenda orðinn 211 og viðtölin 516. Að meðaltali eru þetta 2,4 viðtöl pr. viðmælanda. Mikil aukning er bæði í fjölda viðtala og viðmælanda.

Helsta ástæðan fyrir þessu er að sífellt fleiri sem leita til Samtakanna eftir ráðgjöf þurfa meiri þjónustu en áður og má þar nefna m.a. hinsegin flóttamenn og hælisleitendur. Fjöldi þeirra sem leita til ráðgjafarþjónustunnar er töluvert meiri en þessar tölur gefa til kynna því að þeir sem mæta í stuðningshópana eru ekki inn í þessum tolum og þeir eru vel sóttir. Þörfin fyrir ráðgjöfina er því greinilega mjög mikil enn eitt árið.

4.1. MARKMIÐ MEÐ ÞJÓNUSTUNNI

Ráðgjöfin er fyrst og fremst hugsuð fyrir hinsegin fólk og aðstandendur þeirra og er markmiðið að styðja þennan hóp og auka lífsgæði hans. Ráðgjöfin er öllum opin, félagsmönnum jafnt sem öðrum. Nær allir sem leita til ráðgjafa samtakanna eiga það sameiginlegt að vera hinsegin eða aðstandendur hinsegin fólks. Flestir eru að takast á við málsem tengjast kynhneigð eða kynvitund á einhvern hátt. Margir eiga við kvíða, þunglyndi og/eða félagslega einangrun að stríða og einnig geta verið vandkvæði í samskiptum við fjölskyldu og/eða annar vandi. Eins hefur það færst í aukana að fagaðilar og stofnanir leiti til ráðgjafanna um ráð og upplýsingar.

4.2. RÁÐGJAFATEYMI

Hjá samtökunum er starfandi teymi fagaðila sem sér um félags- og sálfræðiráðgjöf. Ráðgjafarnir koma úr ólíkum áttum og hafa ólíka reynslu, bakgrunn og menntun. Þeir eiga það sameiginlegt að hafa sérhæft sig í hinsegin málefnum. Þeir eru því vel í stakk búinir til að takast á við flestan þann vanda sem einstaklingar koma með auk þess að taka fullt tillit til kynhneigðar, kynvitundar, kyntjánings og/eða kyneinkenna einstaklinga.

Nokkur breyting hefur verið á ráðgjafateyminu en tveir ráðgjafar bættust við teymið á starfsárinu. Guðrún Häsler, sálfræðingur, hóf störf í ágúst og Ragnar Skúlason, félagsráðgjafi, byrjaði í september.



Í teymingu eru:

Aldís Þorbjörg Ólafsdóttir, sálfræðingur (frá desember 2016)
Guðbjörg Ottósdóttir, félagsráðgjafi (að nýju frá 2013)
Sigríður Birna Valsdóttir, leiklistar- og fjölskyldumeðferðarfræðingur (frá vori 2009)
Todd Kulczyk, fjölskyldu- og leiklistarmeðferðarfræðingur (frá janúar 2017)
Guðrún Häsler, sálfræðingur (frá ágúst 2018)
Ragnar Skúlason, félagsráðgjafi (frá september 2018)

Samtökin '78 eru ákaflega stolt af ráðgjafateymingu og hlakka til að vinna með þeim áfram. Einnig bjóða Samtökin þau Guðrúnu og Ragnar innilega velkomin til starfa.

4.3. ALMENNT UM NOTENDUR ÞJÓNUSTUNNAR

Mjög misjafnt er hver tilgangur fólks er sem leitar til ráðgjafanna. Sumir koma eingöngu vegna hinsegin mála hjá þeim sjálfum eða einhverjum nákomnum, á meðan aðrir leita til ráðgjafanna vegna annarra mála samhliða þeim, vitandi að þeim verður vel tekið og að hinsegin málefni munu ekki flækjast fyrir ráðgjöfnni. Fólk getur þótt erfitt að leita til fagaðila og ræða sína kynhneigð, kyneinkenni og/eða kynvitund án þess að vera viss um að sá aðili hafi þekkingu á þessum málauflokkum. Samtökunum '78 hafa borist fregnir frá félagsmönnum sem hafa leitað til ráðgjafa annars staðar og fengið ófullnægjandi þjónustu vegna vanþekkingar á hinsegin málefnum og jafnvel upplifað fordóma. Þetta getur m.a. birst í tilhneigingu meðferðaraðila til að taka ekki tillit til kynhneigðar, kyneinkenna og/eða kynvitundar. Einnig þekkist það að meðferðaraðili vilji alhæfa, tengja alla líðan við kynhneigð, kyneinkenni og/eða kynvitund og gera þessar k að aðalumræðuefni þótt þær séu það ekki og fólk sé að leita sér ráðgjafar til að ræða allt önnur mál. Einstaklingar sem leita til ráðgjafa hjá Samtökunum '78 eru því að koma inn á öruggt svæði. Þar er kynhneigð, kyneinkennum og/eða kynvitund beirra tekið sem sjálfsögðum og eðlilegum hlut og ekki lagt út af þeim breytum ef það á ekki við.

4.4. SKJÓLSTÆÐINGAR ÁRSINS 2018

Ráðgjafar Samtakanna '78 tóku 516 viðtöl við 211 skjólstæðinga. Það þýðir að hver einstaklingur kom 2,4 sinnum í ráðgjöf hjá Samtökunum. Þetta er þó nokkur hækkun frá fyrri árum þar sem viðtölin voru 349 og viðmælendur 176 á árinu 2017 og 204 viðtöl og 178 viðmælendur á árinu 2016.

Hér að neðan gefur að líta nokkrar lykiltölur úr ráðgjöfnni en þess ber að geta að Samtökin munu gefa út sérstakan úrdrátt úr ráðgjafatölum á næstu vikum.

Aldur beirra sem leituðu ráðgjafar:

17 ára eða yngri	35
18-24 ára	147
25-34 ára	100
35-44 ára	65
45-54 ara	37
55-64 ára	20



65 ára eða eldri O

Þau sem nýttu sér ráðgjöf skilgreindu kyn sitt eftirfarandi:

Kvenkyn	120
Karlkyn	168
Kynsegin	39
Skilgreini ekki	13
Annað	22

Upprunaland þeirra sem leituðu ráðgjafar:

Ísland	275
Erlent	125

Kynhneigð þeirra sem leituðu ráðgjafar:

Samkynhneigð	100
Tvíkynhneigð	35
Gagnkynhneigð	56
Eikynhneigð	5
Pankynhneigð	90
Fjölkynhneigð	11
BDSM	18
Skilgreini ekki	15
Annað	38

Þau sem leituðu ráðgjafar skilgreindu sig:

Sís	184
Trans	164
Intersex	6
Annað	17

4.5. STUÐNINGSHÓPAR

Fjórir stuðningshópar hafa verið starfandi á síðasta starfsári. Stuðningshópur fyrir yngri trans ungmenni, hópur fyrir eldri trans ungmenni, aðstandendur trans fólks og svo hópur fyrir samkynhneigða karlmenn. Sigríður Birna Valsdóttir leiðir hópa um trans málefni og Todd Kulzcyk og Ragnar Skúlason sjá um hóp fyrir samkynhneigða karlmenn. Hóparnir hittast allir einu sinni í mánuði í Suðurgötu 3.

Áhugi er innan Samtakanna að stofna stuðningshóp fyrir hinsegin konur. Sú vinna er komin af stað og mun halda áfram á árinu 2019.

4.6. ÞÓKNUN RÁÐGJAFΑ - LOKS HÆKKUN

Undanfarin ár hefur ráðgjafabjónustan verið rekin nánast sem sjálfboðastarf þeirra sem að henni koma. Ráðgjafarnir fá lágt tímakaup, en þóknunin hefur verið 5.000 kr/klst greiddar í verktakavinnu fyrir hverja veitta ráðgjöf. Síðasta hækkun á þóknuninni var gerð árið 2015 og loks nú á starfsárinu en í mars 2018 var þóknun ráðgjafa hækkuð um 40% og fá því ráðgjafar greiddar 7.000 kr fyrir hvert viðtal. Þetta hefur verið á áætlun síðustu stjórnar og því er þessi hækkun mikið fagnaðarefní.



4.7. PRÓUN NÚVERANDI ÞJÓNUSTU OG UTANUMHALD

Mikill metnaður og hugur er í ráðgjöfum og stjórn Samtakanna '78 um að efla starfið. Margar góðar hugmyndir hafa komið upp og m.a. stendur vilji til þess að efla frekara hópastarf með fleiri stuðningshópum. Þörfin á stuðningshópi fyrir trans ungmenni hefur virkilega sýnt sig og á árinu var staðan sú að nauðsynlegt var að aldursskipta hópnum og því hafa starfað tveir hópar síðan í mars en hóf göngu sína nýr hópur fyrir eldri ungmenni eða 18 -25 ára. Annar hópur er fyrir ungmenni á aldrinum 13 - 17 ára. Báðir hóparnir hafa hist mánaðarlega og samanlagt hafa verið að koma um 15-20 ungmenni á þessa fundi og því mjög mikilvægt að halda þessu starfi áfram. Málefni trans ungmenna verða sífellt meira áberandi og mikilvægi þess að ráðgjafar fylgist vel með þróun í bessum málaflokk og auki sífellt þekkingu sína er gífurlegt. Ráðstefnan Undir Regnboganum sem haldin var í í mars síðastliðnum var mikilvægur liður í því og ómetanlegt að fá Jean Malpas fjölskyldufræðing frá New York í heimsókn til landsins. Eins sótti Sigríður Birna ráðgjafi alþjóðlega ráðstefnu í LA á vegum Gender Odyssey um málefni trans barna og fjölskyldna beirra. Vonandi geta ráðgjafar sótt fleiri námskeið/ráðstefnur erlendis um hinsegin mál og ráðgjöf.

Ráðgjafar hafa reynt að hittast reglulega síðasta árið og verið í góðu sambandi á facebooksiðu ráðgjafa. Framtíðarsýn ráðgjafa er að á árinu 2019 verði haldið áfram að gera ráðgjöfina enn sýnilegri og stefna ráðgjafar á að halda áfram góðu samstarfi með það að markmiði að gera ráðgjafabjónustuna enn betri og fjölbreyttari.

Frá upphafi árs 2018 hafa ráðgjafar nýtt eyðublað sem skjólstæðingar fylla út við komu, þessi eyðublöð verða nýtt til gagnasöfnunar og eru nafnlaus og ekki rekjanleg til skjólstæðinga. Það er mikilvægt að halda vel utan um upplýsingar um hverjir eru að nýta þjónustuna, hverjar eru ástæður komu og hvaðan skjólstæðingar okkar koma. Þessi eyðublöð hafa hjálpað til við þetta en það er mikilvægt að endurskoða þetta reglulega og athuga hvort betur megi gera í utanumhaldi.

Það er mat ráðgjafa að þörf á ráðgjafabjónustu eigi enn eftir að aukast og því sé mikilvægt að halda áfram að koma til móts við ráðgjafana með það í huga. Eins og fram hefur komið býr ráðgjafahópur Samtakanna '78 yfir mikilvægri sérþekkingu og þjónustar hóp sem í mörgum tilfellum finnur ekki sambærilega þjónustu annars staðar. Ef ekki er nægilega vel stutt við starfsemi ráðgjafanna og um leið þá sem til þeirra leita er hætta á að vandi þeirra aukist og viðfangsefnin verði flóknari og erfiðari úrlausnar.

4.8. LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF

Síðan í október 2015 hafa Samtökin '78 boðið upp á lögfræðiráðgjöf til félagsfólks.

Í mars 2018 var samið við Hildi Hjörvar, lögfræðing, um að taka lögfræðiráðgjöfina að sér. Hildur útskrifaðist með M.A. gráðu í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2017 og hefur starfað hjá lögmannsstofunni LOGOS frá árinu 2014. Hildur Hjörvar útskrifaðist með hæstu meðaleinkunn á mag.jur. prófi í sögu lagadeildar Háskóla Íslands.

Aðstoð Hildar felst í að leiðbeina um þau lagalegu úrræði sem standa einstaklingi til boða að íslenskum rétti og innan stjórnsýslunnar. Þar með felst ráðgjöf hennar ekki í lögmannsstörfum fyrir einstaka félagsmenn heldur í ráðgjöf um fyrstu skref og aðstoð við að meta hvaða rétt fólk á.



Hildur Hjörvar starfar í Strasbourg og hefur lögfræðiráðgjöfin því farið fram í gegnum síma eða tölvupóst hingað til. Hildur starfar hjá mannréttindadómstóli Evrópu.



5. FRÆÐSLUSTARF

5.1. ALMENNT UM FRÆÐSLUNA

Eins og undanfarin ár þá er fræðslustarfið einn af grundvallarþáttum í starfi Samtakanna 78. Árið 2018 þá var starfið í höndum fræðslustýru auk sjálfboðaliða sem kallast jafningjafræðarar eða hinsegin fræðarar. Sólveig Rós hefur hefur gengt starfi fræðslustýru frá haustmánuðum 2016 og var hún í hálfu starfi fyrri hluta árs 2018 en byrjaði í fullu starfi frá og með 1. júní. Mismunandi var hversu margir jafningjafræðarar voru virkir í starfinu á hverjum tíma en í heildina voru þeir um 10. Einnig sinntu stjórnarliðar og ráðgjafar fræðslu að einhverju leiti.

Oft er sagt að fordómar spretti af fáfræði og því er það nauðsynlegur og mikilvægur hluti af starfi Samtakanna að stuðla að upplýstri umræðu og þekkingu á málefnum hinsegin fólks. Er það fyrst og fremst gert með skólaheimsóknum en mjög algengt er að skólar biðji um fræðslu fyrir unglings, bæði í grunn- og framhaldsskóla. Vaxandi þáttur í fræðslunni er þó að fræða þau sem vinna með börnum og ungmennum og er það gleðilegt að starfsfólk í leik-, grunn- og framhaldsskólum hafi fengið fleiri heimsóknir á síðasta ári heldur en árin áður.

Tilgangurinn með fræðslustarfseminni er tvíþættur: að ná til þeirra sem á einhvern hátt tilheyra hinsegin heiminum og kynna fyrir þeim bá þjónustu og félagsskap sem er í boði, en einnig stuðla að upplýstri umræðu og minnkun fordóma hjá almennungi og þar með stuðla að opnara og réttlátara samfélagi fyrir okkur öll. Þá er líka unnið með fagstéttum hvers konar til að aðstoða þær við að skipuleggja starf sitt á þann máta að ekki halli á hvers konar minnihlutahópa og að allir finni sig og upplifi örugga í starfinu. Má það heimfæra á skóla sem og annars konar vinnustaði.

5.2. JAFNINGJAFRÆÐSLAN

Í jafningjafræðsluteymi Samtakanna 78 er ungt hinsegin fólk sem heimsækir grunn- og framhaldsskóla með fræðslu um hinsegin heiminn og svarar spurningum. Á árinu 2018 voru 10 fræðarar starfandi í teymingu sem sjálfboðaliðar. Haldin voru þrjú námskeið fyrir nýja fræðara: í janúar, ágúst og september. Námskeiðin stóðu yfir eina helgi hvert og undirbjuggu sjálfboðaliðana fyrir skólaheimsóknir.

Flestir heimsóknir í skóla fara svipað fram: hópurinn hefur aðgang að glærum sem fjalla um hvað Samtökin 78 eru, að koma út, að styðja við einhvern sem er hinsegin, umfjöllun um kyneinkenni, kynvitund og kynhneigð. Svo er umræða um staðalmyndir og að hinsegin fólk er allskonar. Oftast er endað á að svara nafnlausum spurningum. Langflestir heimsóknir eru í 8-10. bekk en einnig er nokkuð um fræðslu í félagsmiðstöðvum en einnig framhaldsskólum, þá helst á þemadögum.

5.3. FRÆÐSLA TIL FAGSTÉTTA

Fræðsla til fagstéttu var fjölbreytt – helst var um að ræða heimsóknir í grunnskóla til að ræða við starfsfólk en einnig var farið á aðra vinnustaði og félög. Innihald fræðslunnar



er sniðið að hverju tilviki fyrir sig en oftast er um að ræða grunnfræðslu um hinsegin heiminn og þau hugtök sem honum fylgja, svo sem kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni og kyntjáningu, en svo er umfjöllun um hvernig starfstaðurinn getur betur komið til móts við fjölbreyttan hóp starfsfólks og skjólstæðinga. Hefur þetta gengið afskaplega vel og er ánægjulegt að sjá hversu mikil eftirspurn er eftir þessari fræðslu.

5.4. VÍSINDAFERÐIR Q – FÉLAGS HINSEGIN STÚDENTA

Q – félag hinsegin stúdenta hefur haldið vísindaferðir fyrir nemendafélög háskóla í húsnæði Samtakanna 78. Alls voru haldnar 12 kynningar á árinu 2018. Þar er rætt um hinsegin heiminn og hann tengdur við það fag sem nemendurnir leggja stund á hverju sinni. Hafa vísindaferðirnar verið mjög vinsælar og er langur biðlisti.

5.5. ÞJÓNUSTUSAMNINGAR

Þrír þjónustusamningar voru virkir árið 2018 vegna fræðslu. Í byrjun árs 2018 var samningur við Reykjavíkurborg endurnýjaður til þriggja ára en innihald hans er svipað og síðasti samningur: starfsfólk og nemendum allra grunnskóla borgarinnar stendur til boða fræðsla.

Samningur við Hafnarfjarðarbæ var endurnýjaður til eins árs sumarið 2018 og var þá fyrri samningur í gildi fyrri hluta árs 2018. Samkvæmt þessum samningi þá fær allt nýtt starfsfólk grunnskóla í Hafnarfirði 6 klst fræðslu frá Samtökunum 78 og svo heimsækja jafningjafræðarar alla 8. bekki í bæjarfélaginu. Mikil ánægja ríkir með þetta fyrirkomulag.

Á vormánuðum 2018 var gerður samningur við Velferðarráðuneytið en samkvæmt honum átti starfsfólk ráðuneyta, menntaskóla, löggreglu, heilbrigðisstofnana og öldrunarheimila kost á fræðslu. Byrjað var á að kynna þetta verkefni fyrir framhaldsskólum og fór fræðslustýra í heimsóknir í hina ýmsu framhaldsskóla á haustmánuðum 2018.

5.6. TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

Alls voru haldin 203 fræðsluerindi árið 2018 tengd Samtökunum 78. Þar af eru 12 vísindaferðir sem voru haldnar af Q – félagi hinsegin stúdenta og níu sem haldnar voru af ráðgjafa Samtakanna 78.

Flest voru fræðsluerindin til grunnskólanemenda, eða 82 talsins. Sami aldurshópur fékk einnig fræðslu í félagsmiðstöðvum, en þangað voru 15 heimsóknir samtals, eru þá taldar með aðrar heimsóknir eins og í vinnuskóla. Framhaldsskólanemendur fengu 17 heimsóknir og háskólanemar 15.

Starfsfólk 23 grunnskóla fékk fræðslu frá Samtökunum 78 og það gerði einnig starfsfólk sjö framhaldsskóla. Fjölbreyttur hópur annarra starfsstaða þáði einnig fræðslu, allt frá ríkisstofnunum yfir í sjálfboðaliðasamtök og stjórnsmálflokka.

Flestar heimsóknir voru til Reykjavíkurborgar, samkvæmt þjónustusamningnum við borgina, eða 64. 13 heimsóknir voru í Hafnarfjörð, flestar samkvæmt þjónustusamningi. Nokkrar ferðir voru farnar út á land, t.d. á Fljótsdalshérað, Svalbarðsströnd, Reykholt og Selfoss.



Mikið mæddi á fræðslustýru við að halda fræðsluerindi árið 2018, en af þeim 180 erindum sem fræðsluteymi Samtakanna 78 hélt voru 123 haldin af fræðslustýru, 27 af fræðslustýru ásamt jafningjafræðara og 30 haldin af sjálfboðaliðum eingöngu.

Mikil aukning hefur verið á fræðslu frá því árið 2017 en þá voru erindin voru 141.

5.7. FRAMTÍÐ FRÆÐSLUNNAR

Mikil eftirspurn er eftir fræðslu frá Samtökunum 78 og ekki hefur verið hægt að anna þeim öllum. Mikil bragarbót varð á þegar fræðslustýra komst í fullt starf en þá varð mun auðveldara að skipuleggja fræðsluheimsóknir frekar en að reyna að púsla inn í dagskrá sjálfboðaliða og starfsfólks í hlutastarfi.

Það sem helst sat eftir var vinna að fræðsluefnni hvers konar, bæði í samstarfi við aðra aðila en einnig smíðað innan Samtakanna. Vonir eru til að 2019 gefist frekar í þetta verkefni. Einnig hefur fræðslustarfinu verið fyrst og fremst beint að skólakerfinu og er það vel en mörg söknaarfæri eru, sérstaklega á svið þar sem unnið er með fólk, svo sem heilbrigðiskerfið, sálfræðingar, félagsráðgjafar, öldrunarheimili og fleira. Einnig þarf að vinna hart að því að koma hinsegin sjónarhorni inn í nám, sérstaklega til þeirra sem munu vinna með fólk í framtíðinni. Er því óskandi að hægt sé að auka við fræðsluteymi Samtakanna með fleira starfsfólk sem gætu þá tekið að sér frekari verkefni og sinnt þessum hornsteini í starfi félagsins betur.



6. ALÞJÓÐLEG VERND OG FLÓTTAFÓLK

Hinsegin umsækjendur um alþjóðlega vernd hafa leitað til Samtakanna '78 í vaxandi mæli undanfarin ár. Allt kapp er lagt á að taka vel á móti þeim, veita þeim ráðgjöf og félagslegan stuðning og koma þeim í samband við aðila sem geta stutt þá í samskiptum sínum við opinbera stjórnsýslu. Á starfsárinu tóku Todd Kulcyk og Sigríður Birna Valdsdóttir að sér flest mál hinsegin flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd fyrir hönd Samtakanna '78.

Samtökin '78 undirstrikkar að þörf hinsegin umsækjenda um alþjóðlega vernd og flóttafólks er mikil hér á landi og mál þeirra gjarnan þungbær og flókin. Mikil þörf er á að sinna þeim hópi sérstaklega innan okkar raða.

6.1. FLÓTTAFÓLK FRÁ ÚGANDA

Tíu einstaklingar frá Úganda, allt hinsegin fólk og nánir aðstandendur þeirra, hlutu alþjóðlega vernd hér á Íslandi snemma árs 2018 og settust að í Mosfellsbæ sem kvótaflóttafólk. Samtökin '78 unnu náið með Mosfellsbæ að móttöku hópsins, í samræmi við samning félagsins við velferðarráðuneytið þar að lútandi. Hafa Samtökin meðal annars boðið starfsfólki sem kom að móttökunni upp á fræðslu um hinsegin málefni, haldið kynningu fyrir hópinn frá Úganda á stöðu hinsegin fólks á Íslandi og þá aðstoð og þjónustu sem Samtökin '78 veitir, haldið kaffiboð til að bjóða þau velkomin og verið innan handar með ráðgjöf og stuðning eftir þörfum. Móttaka hópsins þykir hafa gengið mjög vel. Annar hópur hinsegin flóttafólks er væntanlegur til landsins á þessu ári og verður líklega hafður svipaður háttur á.



7. LÝÐHEILSA

Í tölvublaði Farsótttafréttta, tímarits sóttvarnalæknis, árið 2018 sést greinileg og mikil aukning á tíðni kynsjúkdóma og þá sérstaklega hjá þeim sem greindust með sárasótt en um þrefold aukning er á þeim einstaklingum frá árinu 2016. Í skýrslunni segir jafnframt að sárasótt sé fyrst og frémst tengd karlmönnum sem hafa mök við aðra karla.

7.1. PREP

Á fundi sínum þann 25. júní 2018, samþykkti lyfjagreiðslunefnd greiðsluþáttöku fyrir samheitalyfinu Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka til nota í fyrirbyggjandi meðferð gegn HIV (PrEP meðferð). Skilyrði fyrir leyfisveitingunni voru að einungis læknar Landspítala með sérfræðiviðurkenningu í smitsjúkdómum myndu ávísa lyfinu og að meðferðin yrði veitt samkvæmt klínískum leiðbeiningum smitsjúkdómadeildar Landspítala. Í þessum leiðbeiningum er kveðið á um rannsóknir gegn HIV og öðrum kynsjúkdómum hjá þeim sem fá ávísað lyfinu auk fræðslu um varnir gegn kynsjúkdómum almennt. Einnig þurfa þeir einstaklingar sem fá lyfið að undirgangast ákveðið eftirlit í nokkra mánuði. Leyfisskylda lyfjagreiðslunefndar er til eins árs og verður endurmetin m.t.t. kostnaðar og fjölda einstaklinga sem fá meðferð með lyfinu. Sóttvarnalæknir telur að þessi ákvörðun lyfjagreiðslunefndar sé áfangasigur í baráttunni við HIV og aðra kynsjúkdóma en sóttvarnalæknir og starfshópur heilbrigðisráðherra um aðgerðir gegn kynsjúkdómum hafa áður bent á mikilvægi þessa fyrirkomulags.

(Heimild: Farsótttafréttir, 11. árgangur. 4. tölvublað. Október 2018)

7.2. BLÓÐGJAFIR MSM

Samtökin '78 hafa á síðasta starfsári sett aukinn þrýsting á heilbrigðisráðuneytið, embætti landlæknis, sóttvarnarlækni, blóðbankann og ráðgjafanefnd um fagleg málefni blóðbankaþjónustu. Samtökin áttu fund með ráðherra málflokkssins, sóttvarnarlækni og formanni ráðgjafanefndar um fagleg málefni blóðbankaþjónustu. Þessi þrýstingur bar árangur en sóttvarnarlæknir gaf út minnisblað um blóðgjafir MSM.

Frétt Farsótttafréttta:

Í sumar kom aftur til umræðu hvort leyfa skyldi samkynhneigðum karlmönnum (MSM) að gefa blóð. Sóttvarnalæknir hefur metið stöðuna að beiðni velferðarráðuneytisins og lýst þeirri skoðun sinni, að teknu tilliti til reynslu og áhættumats annarra þjóða, þá komi vel til álita að heimila MSM að gefa blóð að undangengnu 6 mánaða kynlífssbindindi. Með vandaðri skimun blóðs á að vera lítil eða nánast engin hætta á blóðbornu smiti með slíku fyrirkomulagi. Hafa þarf í huga að engin blóðgjöf er fullkomlega örugg og allar aðgerðir þurfa að taka mið af því að draga úr áhættu eins og kostur er. Því þarf skimun fyrir blóðbornum sjúkdómsvöldum að ná til allra blóðgjafa. Samkvæmt reglugerð um söfnun, meðferð, varðveislu og dreifingu blóðs nr. 441/2006 á Blóðbankinn að hafa forgöngu í þessari ákvárdanatöku í samvinnu við sína lögbundnu ráðgjafanefnd. Eðlilegt er að sóttvarnaráð, sóttvarnalæknir og velferðarráðuneytið fái einnig tækifæri til að koma með álit á þessu málefni.



Forsendur þess að MSM verði leyft að gefa blóð að undangengnu 6 mánaða kynlífssbindindi eru að mati sóttvarnalæknis eftirfarandi:

Spurningar til blóðgjafa verður að vanda og gæta fyllsta trúnaðar um svör. Rannsóknaraðferðir við skimun á öllu blóði fyrir HIV, lifrabólgu B og C og sárasótt verða að vera áreiðanlegar og kostnaðarhagkvæmar. Einungis Blóðbankinn í samvinnu rannsóknarstofu í sýklafræði á LSH og erlenda blóðbanka getur svarað því hvaða rannsóknaraðferðir eru hagkvæmestar og hver kostnaður við skimunina yrði.

Loks var komin hreyfing á þetta mál og eftir Áramótaskaupið, þar sem nokkrir bjóðþekktir hommar sungu „Eru hommar kannski menn?”, þá fór umræðan almennilega af stað. Samtökin fengu þá fund með formanni ráðgjafanefndar um fagleg málefni blóðbankaþjónustu. Sá fundur var góður og héldu þau áfram með málið.

Frétt Fréttablaðsins:

Heilbrigðisráðuneytinu var í lok janúar skilað álti ráðgjafanefndar um blóðgjafir samkynhneigðra karlmanna. Þar segir að hæfilegt fyrsta skref á reglum sé að heimila blóðgjafir homma eftir tólf mánaða skírlífi. Þar segir einnig að kynna þurfi breytingarnar og að þær skuli taka gildi eftir eitt til tvö ár.

Bann við blóðgjöf karlmanna sem stunda kynlíf með öðrum karlmönnum hefur verið nokkuð gagnrýnt hér á landi.

Í álitinu kemur fram að grundvallaratriði sé að tryggja öryggi þeirra sem þurfi á blóðhlutagjöf að halda og að umræða í samfélaginu „um heilsufar og kynhegðun einstaklinga sem hyggjast gefa blóð skal ávallt miða að því að tryggja heilbrigði þess blóðs sem gefið er í Blóðbankanum. Rétturinn til að fá öruggt blóð er alltaf ríkari en rétturinn til þess að mega gefa blóð.“

Þá benda þau á að þurfi að hafa í huga að ekki sé hér á landi alvarlegur skortur á blóðhlutum.

Á sama tíma og Samtökin '78 gagnrýna kynlífssbindindi harðlega þá er gleðilegt að loks sé komin hreyfing á málið. Samtökin munu ekki hætta þessari baráttu fyrr en fullnaðarsigur vinnst í málinu.

7.3. KYNHEILSUÁTAK – FRÍAR KYNLÍFS- OG TÚRVÖRUR

Eins og áður þá bjóða Samtökin upp á ókeypis smokka, túrtappa, sleipiefni og dömubindi á Suðurgötu 3 og á sem flestum viðburðum á vegum félagsins. Fyrirtækið Ýmus hefur gefið Samtökunum sleipiefni og heildverslunin Halldór Jónsson hefur selt Samtökunum Durex smokka með góðum afslætti. Upplýsingar um það hvernig hægt sé að komast í kynsjúkdómapróf / tékk hafa verið hengdar upp á áberandi stöðum á salernum í húsnæði félagsins. Þá hefur verið gert samkomulag við Móðurást um 20% afslátt til félaga í Samtökunum '78 á Mánabikarnum.

7.4. SÉRTÆKT SMOKKAVERKEFNI

Durex á Íslandi og Samtökin '78 hafa tekið höndum saman og hannað í sameiningu við Odda umbúðir um smokka. Samtökin '78 standa straum af kostnaði við prentun



umbúðanna og Durex á Íslandi gefur smokka. Samtökin fengu veglegan styrk fyrir verkefninu frá heilbrigðisráðherra. Vegna erfiðleika við teiknun og grafískra hönnun þá hefur verkefnið tafist en smokkarnir munu líta dagsins ljós á Suðurgötu í apríl. Leifur Wilberg Orrason hannaði umbúðir um smokkana. Það sem er sérstakt við þessar smokkaumbúðir er það að þær innihalda ekki aðeins einn smokk heldur two, það tryggir enn meira öryggi og einnig er þá gert ráð fyrir að tvær eða fleiri mannesjur með typpi stundi kynlíf.

7.5. STARFSHÓPUR UM HEIMILISOFBELDI OG HINSEGIN FÓLK

Saman gegn ofbeldi er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Kvennaathvarfsins og heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu og snýst um að bæta viðbrögð við heimilisofbeldi. Árið 2017 var stofnaður starfshópur sem átti að skoða hvernig er betur hægt að sníða verkefnið að þörfum hinsegin fólks og skilaði hann skýrslu í byrjun árs 2018. Í starfshópnum voru fulltrúar Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og Samtakanna 78. Fyrir hönd Samtakanna sátu Guðmunda Smári, þáverandi meðstjórnandi, og Sólveig Rós, fræðslustýra. Skýrsluna má finna á vef Reykjavíkurborgar.

Unnið var eftir tillögum starfshópsins á árinu 2018 en það snérist helst um að þjónustuaðilar sem taka á móti fólk sem hefur upplifað heimilisofbeldi fái fræðslu um hinseginleikann almennt en einnig um sérstæðar birtingarmyndir heimilisofbeldis sem tengist hinsegin fólk. Einnig var haldinn samráðsfundur með ráðgjöfum Samtakanna 78. Áframhaldandi starf tengt þessu efni er fyrirhugað á næsta starfsári, þá sérstaklega með að bæta upplýsingar fyrir þolendur heimilisofbeldis á heimasíðu Samtakanna og samráði við þjónustuveitendur um hvernig er best hægt að aðstoða þennan hóp, auk þess að hvetja til frekari rannsókna á þessu sviði.



8. MENNING, VIÐBURÐIR OG ATBURÐIR

8.1. GALLERÍ 78

Ársskýrsla Gallerí 78 miðast við tímabilið á milli aðalfunda Samtakanna '78 sem haldnir eru í mars á hverju ári. Gallerínu hefur verið stýrt af listfræðinemanum og ljóðskáldinu Ásdísi Óldóttur og Dr. Yndu Gestsson list- og safnafræðingi frá opnum gallerísins í október 2015. Myndlistarsýningar hafa verið mikilvægur hluti menningarstarfssemi innan hinsegin samfélagsins frá því snemma í sögu samtakanna.

Tilgangur gallerísins er að skapa hinsegin listafólki öruggt rými til að sýna og fjalla um verk sín. Einnig er það mikilvægur þáttur starfseminnar að efna til samtals við listunnendur, íslenskt samfélag, erlent listafólk og síðast en ekki síst listafólk utan LGBTQIA+ fjölskyldunnar sem styður mannréttindabaráttu hinsegin fólks.

Auk þess að vera þáttakandi í baráttu um menningarlegan sýnileika er galleríið hiklaust hluti af róttækri pólitískri baráttu m.a. vegna þess að með sýnileika myndlistarinnar, gallerísins og sýningarástjóraranna er tekin einörð afstaða gegn því ofbeldi sem hinsegin fólk sætir víða um heim.

Undanfarið ár hefur verið afar gjöfult og nokkur afdrifaríka spor stiginn til að efla sýnileika gallerísins bæði innávið og útávið, listafólkssins sem hefur sýnt og myndmenningu á meðal hinsegin fólks. Einnig hefur kynningarstarf verið efti í þeirri vona að það skili auknum áhuga á myndlist hinegin fólks útí samfélagini og þeim fjölmörgu listheimum sem eru virkir í samfélagini hverju sinni.

Missjafnt er hversu margir koma á opnanir en að meðaltali hafa komið uppb 25-30 manns á opnanir. Gestir á opnum eru bæði úr hinsegin samfélagini og gagnkynhneigðu heimunum Frá síðasta aðalfundi í mars 2018 hafa verið haldnar eftirfarandi sex sýningar:

- 10. febrúar 2018 – 11. apríl 2018 – Stig Styrmand (Ásdís Óladóttir)
- 21. apríl 2018 – 30. júní 2018 - Frida Adriana Martin
- 18. ágúst 2018 – 06. október 2018 – Logn Draumland
- 20. október 2018 – 08. desember 2018 – Samsýning bresks hinsegin listafólks
- 15. desember 2018 – 2. febrúar 2019 – Skaði Þórðardóttir
- 9. febrúar 2019 – 20. apríl 2019 – Steinar Svan Birgisson

Sýningar eru bókaðar ca. tvö ár fram í tímann og er galleríið bókað þar til í janúar 2022.

Á meðal sýninga sem áætlaðar eru er sýning á ljósmyndum sem varpa ljósi á sögu hinsegin baráttu í samvinnu við Ljósmyndasafn Reykjavíkur. Viðræður við safnið eru hafnar. Færst hefur í vöxt að listafólk hafi samband við sýningarástýrur af fyrra bragði. Það bendir til vaxandi orðspors og að við séum að verða sýnilegri.

Eitt viðtal birtist við sýningarástýrur í artzine.is sem er veftímarit um myndlist í tengslun við sýningu á verkum bresks hinsegin listafólk árið 2018. Bretasýningin var fyrsta stóra sýningin á verkum erlends hinsegin listafólk á Íslandi og marker því mikilvæg tímamót.



Sýning Bretanna var unnin í samvinnu við Jez Dolan sem er þekktur samkynhneigður myndlistarmaður frá Manchester á Englandi.

Í desember 2018 komu listakonan Raachael House og sýningarstjórnin Jo David. Þau hafa rekið galleríð Space Station 56 í London. Ætlunin era að Rachael House haldi sýningu á verkum sínum í tengslum við Listahátíð árið 2020.

Við væntum mikils af samvinnu við þetta breska listafólk á næstu árum.

F.h. Gallerí 78

Ynda Gestsson

8.2. SAMTÖKIN Í GLEÐIGÖNGU HINSEGIN DAGA

Fyrir Gleðigöngunni 11. ágúst ákvað gönguhópur Samtakanna '78 að fagna 40 ára afmæli Samtakanna. Kynning á atröðiðinu hjómaði svo:

Samtökin '78 er elsta og stærsta hinsegin félag landsins. Í ár er party því 40 ár eru liðin frá stofnun félagsins. Margt hefur áunnist á þessum tíma vegna brotlausrar vinnu félagsmanna og bandamanna. Við lítum björtum augum á framtíðina og tökumst af krafti og réttsýni við áskoranir framtíðarinnar!

Ákveðið var að leigja hljómflutningstæki á vegum Hinsegin daga og vera með bíl með kerru sem yrði vel skreyttur. Bílinn ásamt kerrunni fengum við að láni hjá Grænum görðum endurgjaldslaust, skreytingarnar voru blöðrur í regnbogalitum og var það Pippa.is sem kom til móts við okkur og aðstoðið við uppsetningu og við að skreyta bílinn og kerruna. Öllum sem vildu var svo boðið að ganga með, hvort sem það var á bílum sjálfum eða ganga fyrir aftan bílinn. Um 50 - 70 manns gengu með í ár og var mikið fjör og mikil gleði við völd.

8.3. JÓLABINGÓ

Jólabingó félagsins var haldið við pomp og prakt í Vinabæ þann 8. Desember, eins og venja er á ári hverju. Heiðrún Fivelstad, Sigurður Július Guðmundsson sáu um skipulagningu og söfnun vinninga.

Verðmæti vinninga fóru yfir milljón króna. Bingóið var vel sótt og til skemmtunar spilaði hljómsveitin Ukulellur og Guðjón Ragnar Jónasson las upp úr bók sinni Hin Hliðin. Allur ágóði rann til Samtakanna '78.

8.4. STARFSEMI Í REGNBOGASAL

Á árinu var mikið líf að venju í Regnbogasalnum. Hinsegin félagsmiðstöð Samtakanna '78 og Tjarnarinnar var opin ungmennum hvert þriðjudagskvöld kl. 19.30-22.00. Að auki voru fastir fundir og viðburðir ymissa hagmunafélaga og starfshópa, svo sem Q - félag hinsegin stúdenta með tvö opin kvöld í mánuði, Trans Ísland með uppistand og haustmarkað, 40 ára afmælisnefndin með ritstjórnarfundi og svo lengi mætti telja.

Einnig fór fram ymiss konar önnur starfsemi í salnum, svo sem fundir stuðningshópa fyrir trans ungmenni og foreldra þeirra, listsýningar Gallerí 78, bókmenntaklúbbur og félags-



, nefnda- og starfshópafundir. Að auki var salurinn leigður út fyrir ýmsa viðburði eða leigður út fyrir einkasamkvæmi gegn vægu gjaldi, en stjórn ákvað að leggja niður útleigur til einkasamkvæma þegar á leið á árið.

Á starfsárinu fóru nokkrir viðburðir fram utan húsnæðis Samtakanna, ber þar helst að nefna jólabingó, ráðstefnur, landsþing o.fl. Til þess voru salir leigðir hjá Vinabæ, Tin Can Factory og Iðnó Reykjavík.

8.5. HINSEGIN FJÖLSKYLDUMORGNA

Á árinu var ákveðið að endurvekja hinsegin fjölskyldumorgna en þeir höfðu verið starfræktir áður. Átta morgnar voru haldnir á starfsárinu 2018-19. Á þessum morgnum er fjölskyldum boðið að koma saman í húsnæði Samtakanna 78 að Suðurgötu 3 á sunnudagsmorgni til að hitta aðrar fjölskyldur og eiga notalega stund saman. Samtökin bjóða upp á kaffi og te en gestir koma með eitthvað á sameiginlegt borð ef þau hafa tök á. Allt frá tveimur og upp í átta fjölskyldur hafa mætt á morgnana, bæði með ung börn og stálpuð, og hefur þetta gengið mjög vel. Stefnan er að halda áfram árið 2019.

8.6. ALÞJÓÐAKVÖLD - INTERNATIONAL NIGHTS

In a continuous effort to integrate the foreigner LGBTQIA+ community, a series of International Night events were held throughout 2018, opening the Samtökin '78 community center on the second Wednesday of every month to foreign nationals.

The main focus on these events has been to provide a safe and neutral space for our foreign community to converge and share experiences, everyday life and tribulations of integrating into the Icelandic society. Furthermore, we provide a space for newcomers to connect with people from other foreign origins who are living in Iceland, providing also an opportunity to make new acquaintances.

The International Night originated in December 2015, when Andrés Peláez and Sigurður Júlíus Guðmundsson volunteered to host a Thursday night open-house event, inviting the international LGBTQIA+ community to gather and talk about integration to the Icelandic society. During the first year, the event was hosted every two to three months and kept running on that schedule until the fall of 2017.

From September 2017, in response to the gradual increase of interest and attendance to the events, it was decided to hold this event consistently on a monthly basis moving forward.

The average attendance during the year 2018 ranged from 5-20 people. The event has drawn a wide spectrum of our community, and has seen attendance from people who have lived here for a few days or many years, tourists and a few asylum seekers, living both in Reykjavík as well as nearby towns like Keflavík and Selfoss.

8.7. VEIST AÐ TRANS KONU Á HVERFISBARNUM

Þann 11. nóvember 2018 bárust fréttir af því að Sæborgu Ninja Guðmundsdóttur hafi verið meinaður aðgangur að skemmtistaðnum Hverfisbarnum kvöldinu áður. Hverfisbarinn bar fyrir sig klæðareglum staðarins en systir Sæborgar gaf lítið fyrir að í



frétt Fréttablaðsins en Rakel hélt upp á afmælið sitt á staðnum. Rakel hefur orðrétt eftir dyraverðinum, og segir að hann hafi sagst ekki geta hleypt „gaur í kellingapels“ inn á staðinn. Fólk brást ókvæða við á samfélagsmiðlum og hvatti til sniðgöngu á staðnum. Sæborg, sem er trans kona, hyggst leggja fram kæru vegna framkomu dyravarðar á Hverfisbarnum í sinn garð. Hún segir að henni hafi verið vísað út af skemmtistaðnum vegna þess að hún er trans kona.

8.8. FYRRUM FORMAÐUR SAMTAKANNA '78 LÁTINN

Percy Stefánsson, fyrrum formaður Samtakanna '78, lést 14. apríl 2018. Um leið og Samtökin '78 vilja minnast Percys og hans óeigingjarna starf fyrir Samtökin þá senda þau vinum og aðstandendum hans innilegar samúðarkveðjur. Percy Stefánsson var formaður Samtakanna '78 árið 1997.

8.9. SAMTÖKIN '78 HLJÓTA VIÐURKENNINGU BARNAHEILLA 2018

Samtökin '78 hlutu í þann 20. nóvember síðastliðinn viðurkenningu Barnaheilla - Save the Children á Íslandi fyrir fræðslu, félagsstarf og ráðgjöf um hinsegin málefni sem er sérstaklega sniðin að börnum og ungu fólki og fjölskyldum þeirra.

Í umsögn Barnaheilla segir m.a.: „Það er ómetanlegt fyrir börn og ungt fólk sem er að fóta sig í lífinu sem hinsegin einstaklingar að hafa aðgang að ráðgjöf, félagslegum stuðningi og fræðslu sem auðveldar þeim að lifa til fulls í sátt við sig sjálf eins og þau eru. Samtökin hafa verið stoð og stytta margra sem „komið hafa út úr skápnum“ og skipt sköpum í þeirra lifi sem hinsegin einstaklingar.

Í ár er viðurkenning Barnaheilla tileinkuð rétti allra barna til lífs og þroska og réttinum til jafnræðis. Að vera ekki mismunað á grundvelli skoðana, útlits, hegðunar eða nokkurra annarra aðstæðna. Þessi réttur sem hver manneskja fæðist með nær einnig yfir kynvitund og kynhneigð. Það er skýlaus réttur allra að fá að lifa og njóta virðingar óháð kynvitund, kyneinkennum og kynhneigð.

Barnaheill veita árlega viðurkenningu fyrir sérstakt framlag í þágu barna og mannréttinda þeirra í tengslum við afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þann 20. nóvember. Viðurkenningin er afhent til að vekja athygli á Barnasáttmálanum og mikilvægi þess að íslenskt samfélag standi vörð um mannréttindi barna. Barnasáttmálinn er leiðarljós í öllu starfi Barnaheilla.“

Afhending viðurkenningarinnar fór fram í veislusal veitingastaðarins Nauthóls. Harpa Rut Hilmarsdóttir, formaður Barnaheilla, flutti ávarp og tilkynnti um viðurkenningarhafann. Sigríður Birna Valsdóttir, fjölskyldufræðingur og ráðgjafi hjá Samtökunum '78, flutti þakkarræðu f.h. Samtakanna '78. Frú Eliza Reid, forsetafrú, flutti ávarp. Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir fræðari í Hinsegin fræðslunni og fyrrum meðlimur í ungmannastarfi Samtakanna 78 flutti einnig ávarp. Kór Öldutúnsskóla flutti tvö tónlistaratriði undir stjórn Brynhildar Auðbjargardóttur við undirleik Vignis Þórs Stefánssonar. Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla, stýrði athöfninni.



8.10. 40 ÁRA AFMÆLI SAMTAKANNA '78

8.10.1. Afmælisnefnd:

Í upphafi árs var skipuð afmælisnefnd sem fór með yfirumsjón viðburða tengda afmælisárinu. Er öllum sjálfbóðaliðum og félögum þakkað kærlega fyrir óeigingjarnt starf í þágu nefndarinnar.

8.10.2. Afmæliskaffi:

Samtökin '78 héltu upp á 40 ára afmæli sitt með pompi og prakt. Samtökin buðu öllum félögum í afmæliskaffi á Suðurgötunni. Hljómsveitin Eva mun lék nokkur lög, Jónína Leósdóttir, rithöfundur, sýndi stíklu úr nýrri mynd sinni, Ynda, gallerísstýra, fjallaði um Gallerí 78, Hörður Torfason, baráttumaður, spilaði og söng, og að lokum mætti dragdrottningin Miss Gloria Hole á svæðið! Boðið var upp á freyðivín, bollakökur, kaffi og afmælistertu. Hátt í 200 manns sóttu Samtökin heim að þessu tilefni.

8.10.3. Afmælisháíð í lönó:

Slegið var upp veglegri veislu fyrir alla félaga og velunnara Samtakanna. Miðasala fór fram á netinu og um 100 manns sóttu lönó heim og skemmtu sér konunglega í góðra vina hópi. Meðan á borðhaldi stóð steig fjölbreyttur hópur skemmtikrafa á svið í bland við ræðuhöld! Kynnar kvöldssins var Felix Bergsson. Meðal skemmtikrafa sem komu fram voru: Dragsúgur, Margrét Erla Maack, Bergþór Pálsson, Bláskjár, Bjartmar Þórðarson og uppistandarinn Karen Björg. Eftir mat tók DJ Margrét Erla Maack við og svo á miðnætti setti Reykjavík Kabarett upp Midnight Naughty Show. Kvöldið þótti heppnast ákaflega vel og eru stjórn og starfsfólk Samtakanna þakklát þeim sem skemmtu sér með þeim um kvöldið.

8.10.4. Regnbogaþráðurinn:

Í tilefni af 40 ára afmæli Samtakanna '78 var boðið upp á hinsegin vegvísir um grunnsýningu Þjóðminjasafns Íslands, Þjóð verður til - menning og samfélag í 1200 ár. Verkefnið var kynnt á Hinsegin dögum og fulltrúar þess leiddu gesti í gegnum sýninguna.

Markmiðið með Regnbogaþráðinum er að miðla upplýsingum um hinsegin líf og tilveru í Íslandssögunni, sýna hvernig hugmyndir um kyn og kynhneigð taka á sig ýmsar myndir á ólíkum tínum og ekki síst að spryja spurninga, skoða hið ósagða og hvetja gesti til gagnrýninnar hugsunar. Að verkefninu standa Samtökin '78 og Þjóðminjasafn Íslands.

Ásta Kristín Bendiktsdóttir, Íris Ellenberger og Ynda Gestsson höfðu yfirumsjón með verkefninu fyrir hönd Samtakanna og er þeim þakkað innilega fyrir gott starf.

8.10.5. Afmælisrit:

Samtökin '78 sömdu við fyrirtækið Moral Sentiments um útgáfu afmælisrits. Stofnuð var ritnefnd og haldin námskeið um greinaskrif. Erfiðlega gekk að selja auglýsingar í blaðið og hefur útgáfa því tafist fram á árið 2019 en áætlað er að blaðið komi út í mars/apríl. Vegna breyttra aðstæðna þá hefur blaðið færst úr höndum Moral Sentiments aftur yfir til Samtakanna sem nú reyna að koma blaðinu í útgáfu sem allra fyrst.



8.10.6. Sögusýning á Hinsegin dögum:

Samtökin '78 opnuðu skjalasafn sitt og ráku sögu Samtakanna með Hinsegin dögum með myndasýningu á Skólavörðustíg. Taug Samtakanna við Skólavörðustíg er sterk en þar fengu Samtökin húsnaði á níunda áratugnum en einnig var tenging við Hegningarhúsið en það eru ekki margir áratugir síðan að karlmaður var lokaður þar inni vegna „kynvillu“. Sögusýningin gekk vel og vakti athygli gesta á Hinsegin dögum.

8.11. REYKJAVÍKURMARAÐONIÐ

Samtökin '78 tóku þátt í Reykjavíkurmaráþoninu í ár, sem þau hafa gert frá árinu 2011. Samtals söfnuðust 128.000 krónur og þökkum við hlaupurum kærlega fyrir framlag sitt til ráðgjafabjónustu Samtakanna '78.

8.12. HULDUKONUR

„Huldukonur – hinsegin kynverund kvenna í íslenskum heimildum 1700-1960“ er heimildaverkefni sem miðar að því að safna og miðla heimildum um hinsegin konur og varpa ljósi á hvernig hinsegin kynverund kvenna var mótuð og tjáð fyrir tíma nútíma sjálfsmyndarhugtaka á borð við t.d. lesbía eða tvíkynhneigð.

Verkefnið fékk styrk úr Jafnréttissjóði Íslands árið 2017 og með umsjón þess fara Íris Ellenberger, Hafdís Erla Hafsteinsdóttir og Ásta Kristín Benediktsdóttir í samstarfi við Samtökin '78.

Vinnan er komin vel á veg, heimildasöfnun er að mestu lokið og reiknað er með að vefur, þar sem heimildirnar verða gerðar aðgengilegar fyrir fræðimenn, námsmenn og almenning, verði opnaður á árinu 2019.



9. RÉTTINDABARÁTTA OG LÖGGJÖF

9.1. ALMENNT UM RÉTTINDABARÁTTUNA Á ÍSLANDI

Þótt íslenskt samfélag sé komið langt á veg hvað varðar réttindi hinsegin fólks er enn tölувart í land þar til fullum jöfnuði er náð. Þá verður að muna að lagalegt jafnrétti er eitt, en viðhorf og lífsgæði annað. Þessi atriði haldast ekki alltaf í hendur og víða um heim býr fólk við neikvæð viðhorf, andúð, misrétti og ofbeldi þótt lagaleg staða sé bærileg. Annars staðar er þessu mögulega öfugt farið og sumsstaðar eru allir þessir þættir í ólestri. Gott og hinseginvænt laga- og regluverk þarf að vera til staðar en það eitt og sér tryggi ekki endilega að fólk sé ekki mismunað. Drjúgur hluti af starfsemi Samtakanna '78 snýst einmitt um að berjast fyrir réttindum hinsegin fólks gagnvart lögum og framkvæmd þeirra.

9.2. AÐILD AÐ MANNRÉTTINDASKRIFSTOFU ÍSLANDS - MRSÍ

Samtökin 78 gerðust aðili að Mannréttindaskrifstofu Íslands árið 2001. Skrifstofan er óháð stofnun sem vinnur að framgangi mannréttinda með því að stuðla að rannsóknum og fræðslu og efla umræðu um mannréttindi. Skrifstofan gegnir einnig eftirlitshlutverki en hún veitir umsagnir um lagafrumvörp og skilar skýrslum til eftirlitsnefnda Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins. Fimmtán félög eiga aðild að skrifstofunni. Daníel E. Arnarsson er fulltrúi í stjórn MRSÍ fyrir hönd Samtakanna '78 og var kosin varaformaður stjórnar MRSÍ í maí 2018. Þorbjörg Þorvaldsdóttir er varafulltrúi Samtakanna '78. Daníel mun gegna embætti varaformanns fram að aðalfundi MRSÍ í maí 2019.

9.3. UMSAGNIR UM FRUMVÖRP, REGLUGERÐIR OG TILLÖGUR

Samtökin '78 skrifuðu umsagnir um eftifarandi frumvörp og þingsályktunartillögur á starfsárinu, bæði sjálfstætt og í samvinnu við önnur félög hinsegin fólks:

4. mars 2018

Skrifuð var umsögn um frumvarp til laga um mannanöfn (83. mál) og því fagnað, í ljósi þess að lögin myndu auðvelda trans fólk að breyta um nafn.

28. mars 2018

Umsögn ásamt Intersex Ísland um frumvarp til laga um bann við umskurði drengja (114. mál). Í umsögninni voru kjörnir fulltrúar hvattir til þess að samþykkja frumvarpið að teknu tilliti til ákveðinna breytinga. Lagðar voru til breytingar á frumvarpinu sem myndu verða til þess að þau vernduðu öll börn fyrir óafturkræfum og óþörfum inngrípum. Þannig myndu lögin einnig ná yfir fjórðastigs limlestingu á kynfærum kvenna ásamt því að veita intersex börnum vernd með því að tryggja sjálfsákvörðunarrétt og líkamlega friðhelgi allra barna.

13. apríl 2018

Skrifuð var umsögn um frumvarp um jafna meðferð óháð kynþætti og bjóðernisuppruna (393. mál). Lagðar voru til breytingar þess eðlis að fleiri einstaklingum yrði veitt vernd



gegn mismunun. Þannig yrði einnig ólöglegt að mismuna á grundvelli kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjánigar.

13. apríl 2018

Skrifuð var umsögn um frumvarp um jafna meðferð á vinnumarkaði (394. mál). Samtökin '78 fögnuðu frumvarpinu og þá sérstaklega því að kyntjáningu og kyneinkennum hefði verið bætt við frá fyrra stigum frumvarpsins. Þannig veiti þessi lög hinsegin fólki vernd á vinnumarkaði óháð kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu og kyneinkennum.

18. október 2018

Umsögn ásamt Intersex Ísland og Trans Ísland. Frumvarpi til laga um mannanöfn (9. mál) var fagnað í umsögninni, en lagðar voru til orðalagsbreytingar bar sem lagst var gegn breytingum á öðrum lögum sem átti að gera samhliða, þ.e. að skrá mætti kyn barns í þjóðskrá sem órætt skv. barnalögum. Þetta orðalag var ekki talið til þess fallið að bæta réttarstöðu fólks með ódæmigerð kyneinkenni. Lagt var til að talað væri um hlutlausa skráningu sem tákna mætti með X í vegabréfi og öðrum viðurkenndum nafnskírteinum.

11. janúar 2019

Skrifuð var umsögn um þingsályktunartillögu um áætlun fyrir árin 2019-2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess (409. mál). Samtökin gerðu alvarlegar athugasemdir við það að hinsegin fólk væri hvergi nefnt á nafn í þessari tillögu til þingsályktunar, enda er hinsegin fólk í sérstökum áhættuhópi fyrir ofbeldi. Einnig var tekið fram að horfa þyrfti til margþættrar mismununar og að þ.a.l. yrði að tilgreina fleiri jaðarsetta hópa. Þá var áætlunin metin óraunhæf miðað við áætluð fjárútlát og lagt til að mun meira fé yrði varið í þetta mikilvæga verkefni. Loks var óskað eftir því að haft yrði samráð við Samtökin '78 við framkvæmd einstakra hluta áætlunarinnar.

9.4. YFIRLÝSINGAR

Á starfsárinu hafa Samtökin '78 birt fjórar yfirlýsingar.

16. júní 2018 birtu Samtökin yfirlýsingu í tilefni af heimsmeistaramótinu í knattspyrnu í Rússlandi. Skorað var á Knattspyrnusamband Íslands og íslensk yfirvöld til þess að nýta tækifærið og taka skýra afstöðu gegn mannréttindabrotum á hinsegin fólki, auk þess sem knattspyrnuaðdáendur utan Rússlands voru hvattir til þátttöku í samfélagsmiðlaherferð til þess að vekja athygli á málefnum.

23. október 2018 sendu Samtökin '78, Trans Ísland, Intersex Ísland og Hinsegin dagar frá sér sameiginlega yfirlýsingu vegna fregna frá Bandaríkjunum um fyrirhugaða endurskilgreiningu yfirvalda þar í landi á hugtakinu kyn. Yfirlýsingin, sem lagði áherslu á hræsni BNA í málefnum hinsegin fólks og ómöguleika þess að afmá trans og intersex fólk með einu pennastriki, var birt á bæði íslensku og ensku.

1. desember 2018 sendu Samtökin '78 frá sér yfirlýsingu í kjölfar Klausturmálsins svokallaða, en Alþingismenn voru staðnir að óásættanlegri orðræðu í garð kvenna og minnihlutahópa, þ.á.m. homma. Yfirlýsingin var jafnframt flutt á mótmælum á Austurvelli. Í yfirlýsingunni voru kjörnir fulltrúar hvattir til þess að taka ábyrgð á orðum sínum og minntir á skaðsemi slíks tals valdhafa gagnvart jaðarsettum hópum.



Þann 14. febrúar 2019 sendu Samtökin frá sér yfirlýsingu vegna frumvarps dómsmálaráðherra um þrengingu ákvæðis um hatursorðræðu (543. mál). Í yfirlýsingunni var lagst gegn fyrirhuguðum breytingum á ákvæðinu þar sem í því felst skerðing á refsivernd minnihlutahópa gagnvart hatursorðræðu. Einnig var miklum áhyggjum lýst af því að tveir Hæstaréttardómar um hatursorðræðu gegn hinsegin fólki væru sérstaklega tilteknir í greinargerð sem dæmi um mál sem ekki yrði dæmt fyrir samkvæmt nýju lögunum.

9.5. FRUMVARP UM HATURSORÐRÆÐU

6. febrúar 2019 lagði dómsmálaráðherra, Sigríður Á. Andersen, fram stjórnarfrumvarp um þrengingu ákvæðis um hatursorðræðu (896 stjórnarfrumvarp, 543. mál). Núverandi ákvæði um hatursorðræðu (233. gr. a almennra hegningarlaga) er svo hljóðandi: Hver sem opinberlega hæðist að, rógber, smánar eða ógnar manni eða hópi manna með ummælum eða annars konar tjáningu, svo sem með myndum eða táknum, vegna þjóðernis, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, kynhneigðar eða kynvitundar, eða breiðir slíkt út, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum. Samkvæmt frumvarpi dómsmálaráðherra verður eftirfarandi klausu bætt aftan við ákvæði um haturorðræðu: enda sé háttsemin til þess fallin að hvetja til eða kynda undir hatri, ofbeldi eða mismunun.

Frumvarpið hefur í för með sér skerta refsivernd minnihlutahópa gagnvart hatursorðræðu, sem Samtökin '78 telja mikið áhyggjuefn. Auk þess var sérstaklega tekið fram í greinargerð frumvarpsins að um viðbrögð við tveimur Hæstaréttardómum frá 2017 væri að ræða, þar sem einstaklingar voru dæmdir fyrir hatursorðræðu gegn hinsegin fólki. Samkvæmt breyttum lögum hefðu fyrrnefndir einstaklingar líklega ekki verið dæmdir fyrir hatursorðræðu.

Samtökin gáfu út yfirlýsing fljóttlega eftir að frumvarpið var lagt fram á Alþingi, en sú yfirlýsing var birt í öllum helstu fjölmöldum eða um hana fjallað (sjá lið 3.11.6). Frumvarpinu var eftir fyrstu umræðu 21. febrúar 2019 vísað til allsherjar- og menntamálanefndar og hefur nefndin óskað eftir umsögnum fyrir 20. mars. Þegar þetta er ritað er aðgerðarhópur að störfum innan Samtakanna til þess að bregðast við þessu frumvarpi og vinnur að umsögn.

9.6. FRUMVARP UM KYNRÆNT SJÁLFRÆÐI

Eftir margra ára undirbúnинг að frumkvæði Intersex Íslands og Trans Íslands og með stuðningi Samtakanna '78, komst frumvarp um kynrænt sjálfræði loks á þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar veturinn 2018-19. Í fyrstu stóð til að félagsmálaráðherra legði málið fram en þegar jafnréttismál voru flutt milli ráðuneyta 1. janúar 2019 fluttist frumvarpið til forsætisráðuneytisins. Samráðsferli á vegum forsætisráðuneytisins gegnum Samráðsgátt er nú lokið, og sendu Samtökin '78 inn umsögn sem má nálgast hér: https://samtokin78.is/wpcontent/uploads/2019/02/Kynraent_sjalfraedi_Samtokin78.pdf

Talsverðar breytingar hafa orðið á frumvarpsdrögunum frá þeiri mynd sem ríkisstjórnin tók við veturinn 2017-18, og ber þar hæst að núverandi útgáfa frumvarpsins kveður ekki með fullnægjandi hætti á um líkamlega friðhelgi barna með ódæmigerð kyneinkenni.



Frumvarpið verður tekið upp á Alþingi á næstu vikum og fylgjast Samtökin '78 grannt með gangi mála.

Í samvinnu við Íslandsdeild Amnesty International hafa Samtökin, Trans Ísland og Intersex Ísland unnið að vitundarvakningu um málæfni trans og intersex fólks (sjá 2.7.4, kafla í útgáfumálum)

9.7. AÐGENGI AÐ SUNDLAUGUM Í REYKJAVÍK

Á árinu var trans karli í tvígangi vísað frá sundstöðum í Reykjavík þar sem hann vildi nota karlaklefa en sundverðir töldu hann ekki eiga erindi þangað vegna líkamlegs útlits síns. Vert er að nefna að mannréttindastefna Reykjavíkurborgar kveði á um jafnrétti óháð kyneinkennum og kynvitund. Starfshópur um bætt aðgengi trans fólks að sundlaugum var settur á laggirnar skipaður fulltrúum Trans Íslands, Samtakanna '78, mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar og ÍTR. Fundaði hópurinn nokkrum sinnum haustið 2018. Vinna hans hefur verið í bið undanfarið meðan beðið er eftir svari frá velferðarráðuneytinu um túlkun laga um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.



10. HINSEGIN FÉLAGSMIÐSTÖÐ SAMTAKANNA '78 OG TJARNARINNAR

10.1 GRUNNUPPLÝSINGAR FÉLAGSMIÐSTÖÐVAR

Starfsfólk: Hrefna Þórarinsdóttir 25%

Sjálfboðaliðar, tilfallandi tímar:

Andrea Ósk Sigurbjörnsdóttir
Elías Breki Sigurbjörnsson
Guðmunda Smári Veigarsdóttir
Hanna Klara Isfeld
Haraldur Axel Haraldsson
Hróðmar Einarsson
Jakob Sturla Einarsson
Laufey Þóra Borgþórsdóttir
Zonia Guttesen

Þjónustutími: Þriðjudagar frá 19:30-22:00

10.2. UMBÓTAADGERÐIR

Nafn aðgerðar : Hinsegin félagsmiðstöð á Instagram

Markmið : Að víkka fylgjendahóp félagsmiðstöðvarinnar og koma honum inn á fleiri miðla og búa til fleiri samskiptaleiðir milli unglings og starfsmanns.

Lýsing : Búa til opna fylgjendasíðu á Instagram.

Dagsetning: 1 september

Ábyrgðaraðili : Hrefna Þórarinsdóttir

Matsaðferð: Ef náðist að búa til opna fylgjendasíðu og sinna henni telst markmiði náð.

Nafn aðgerðar : Koma á samstarfi við Ráðgafa S78 og starfsmanns félagsmiðstöðvar

Markmið : Að auka þjónustu við einstaklinga sem sækja félagsmiðstöðina, veita þeim meiri stuðning utan opnana.

Lýsing : Funda með ráðgjöfum

Dagsetning: 1.febrúar

Ábyrgðaraðili : Hrefna Þórarinsdóttir

Matsaðferð: Ef fundur næst fyrir 1. febrúar telst markmiðinu náð

Nafn aðgerðar : Fræðsla um Hinsegin félagsmiðstöð og Hinsegin sýnileika í frístundamiðstöðvum borgarinnar.

Markmið : Að fræða starfsmenn frístundamiðstöðvanna um starf félagsmiðstöðvarinnar og hvernig þeir geti aukið hinsegin sýnileika í starfi.

Lýsing : Koma inn á starfsmannafundi frístundamiðstöðvanna með amk 1 klst fræðslu.

Dagsetning: allt starfsárið 2018-2019.

Ábyrgðaraðili : Hrefna Þórarinsdóttir



Matsaðferð: Ef náðist að heimsækja allar frístundamiðstöðvar á starfsárinu telst markmiðinu náð.

10.3. FAGSTARFIÐ

Í hinsegin félagsmiðstöðinni er ekki framkvæmd skimum líkt og í öðrum félagsmiðstöðvum. Hins vegar er unnið markvisst að lýðræði á opnum, meðal annars með dagskrárgerð sem fer fram 1 sinni í hverjum mánuði og oftar ef þurfa þykir. Þá hafa öll þau sem félagsmiðstöðina sækja vald til að stinga upp á nýjum viðburðum, umbótum á starfi félagsmiðstöðvarinnar og fleira.

10.4. LÝÐHEILSA/HEILSUEFLING

Ekki er unnið markvisst með heilsueflingu en segja má að félagsmistöðin sjálf og starf hennar á og utan opnunartíma sé í miklu magni á lýðheilsugrundvelli. Reynt er eftir fremsta megni að bjóða upp á matvæli á hverri opnun til að minnka heimsóknir gesta á skyndibitastaði og aðrar verslanir í kringum félagsmiðstöðina og minnka líkur á rápi. Hvað lýðheilsuna sjálfa varðar er markvisst unnið að því að efla samstarf við ráðgjöf S78 og stuðningshópa sem standa unglungunum til boða.

10.5. STÓRIR VIÐBURÐIR

Nafn, dagsetning og staðsetning viðburðar: Gleðiganga Hinsegin Daga. Fjöldi frá félagsmiðstöð voru 52.

10.6. ANNAÐ TENGÐ STARFSEMINNI

Á önninni hlaut félagsmiðstöðin, ásamt öðrum starfsþáttum S78 viðurkenningu Barnaheilla fyrir störf í þágu barna og unglings. Forstöðumaður fann fyrir mikilli umræðu í samfélaginu og jókst fjöldi fylgjenda um 15 þá viku sem verðlaunaafhendingin fór fram.

Vitundavakning hefur einnig verið á Hinsegin málefnum í félagsmiðstöðvum og þær verið duglegri við að sækja sér fræðslu, nýta reynslunám S78 og Tjarnarinnar og má marka miklar breytingar á fjölda þátttakenda samhliða. Hvort sem það er samráði við félagsmiðstöðvar að þakka, reynslunáminu, viðurkenningum eða almennri umfjöllun er óljóst, en að mati forstöðumanns spila allir þessir þættir saman.

10.7. ÞÁTTTAKA

Félagsmiðstöðin heldur utan um nákvæma þátttöku í starfinu og greinir þær upplýsingar til að geta aðlagað starfsemi sína í þágu barna og unglings. Á þessari önn var sérstaklega verið að fylgjast með fjölda þeirra sem komu í fyrsta skipti og fjöldann sem skilaði sér aftur í félagsmiðstöðina eftir fyrsta skipti.

Samanlagður fjöldi þátttakenda: 552

4. september	46
11. september	36
18. september	28
25. september	34



2. október	36
9. október	38
16. október	37
23. október	28
30. október	29
6. nóvember	23
13. nóvember	39
20. nóvember	27
27. nóvember	38
4. desember	35
11. desember	46
18. desember	32

Mæting í Hinsegin félagsmiðstöðina hefur farið fram úr öllum vonum á haustönn 2018. Greina má mikla aukninga á fjölda þáttakenda en heildarfjöldi þeirra er 572 haustið 2018. Meðalþátttaka per opnun er 31,7 einstaklingur sem verður að teljast ágætis mæting og efast forstöðumaður umm að það svæði sem félagsmiðstöðin hefur til umráða gæti þolað enn meiri aukningu á fjölda.

Fjöldi þeirra sem komu í fyrsta skipti á opnun var samtals 45 einstaklingar. Þeir sem skiluðu sér á aðra opnun voru í heildina 22. Ef rýnt er í tölurnar má því áætla að um helmingur þeirra sem komu í fyrsta skipti hafi komið aftur á opnunina á eftir. Ekki var sérstaklega fylgst með hvort einstaklingarnir hafi skilað sér á næstu opnanir á eftir en ætla má að sú hafi verið raunin í flestum tilfellum.

Erfitt reynist að fylgjast nánar með einstaklingum þar sem 100% trúnaður ríkir í starfinu og ekki eru sérstakir nafnalistar, tengingar við skóla eða Mentor.

10.8. FRAMTÍÐARSÝN OG AÐGERÐIR

Gríðarlegur fjöldi þáttakenda er það sem einkenndi þessa starfsönn í félagsmiðstöðinni. Mikil endurnýjun hefur verið í hópnum í haust og er fjöldi yngri þáttakenda mun meiri en árin áður. Vel hefur gengið að framfylgja þeirri dagskrá sem þáttakendur ákveða en eina sem hindrar 100% framfylgni er skortur á fjármagni til framkvæmda og aðstöðuleysi.

Þessi gríðarlegi fjöldi er jákvæð þróun en veldur áhyggjum þar sem það húsnaði sem félagsmiðstöðin hefur til umráða er mjög lítið og ber illa meiri mætingu.

Vel hefur gengið að eiga í samskiptum við þáttakendur á samfélagsmiðlinum Instagram en eitt af umbótarmarkmiðum félagsmiðstöðvarinnar var að koma samfélagsmiðlanotkun hennar á þann miðil til að einfalda samskipti, markaðssetningu ofl.

Samstarf starfsmanns og sjálfboðaliða hefur verið til fyrirmynadar og hafa aldrei fleiri sjálfboðaliðar verið við störf. Einnig hefur þátttaka í reynslunámi S78 og Tjarnarinnar verið ágæt

.



10.9. DRAUMSÝNIN OG SKREF TIL FRAMTÍÐAR

Félagsmiðstöðin er aðeins opin einu sinni í viku. Það hefur verið draumsýn undanfarin misseri að auka við opnunartímann, starfshlutfall starfsmanns og að bæta við launuðum starfsmönnum til að auka fagstarf félagsmiðstöðvarinnar. Einnig væri til góðs að bæta aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar, með samstarfi við aðrar félagsmiðstöðvar eða S78.

Forstöðumaður mun, ásamt S78, halda áfram að berjast fyrir auknu fjármagni í starf félagsmiðstöðvarinnar til að bæta og auka þjónustu hennar.



11. FYLGIGÖGN

11.1. LÖG SAMTAKANNA '78

Heiti og hlutverk

1.1. Félagið heitir Samtökin '78 – Félag hinsegin fólks á Íslandi, og hefur aðsetur í Reykjavík. Ensk þýðing félagsheitisins er Samtökin '78 – The National Queer Organization of Iceland.

1.2. Markmið félagsins er að hinsegin fólk verði sýnilegt og viðurkennt og njóti fyllstu réttinda í íslensku samfélagi. Til hinsegin fólks teljast m.a. lesbíur, hommar, tvíkynhneigðir, eikynhneigðir, pankynhneigðir, intersex fólk og trans fólk.

1.3. Markmiðum sínum hyggst félagið einkum ná með því:

að skapa hinsegin fólk félagslegan og menningarlegan vettvang og styrkja þannig sjálfsvitund þess, samkennd og samstöðu um sérkenni sín.

að vinna að baráttumálum hinsegin fólks, svo og fræðslu um reynslu þess og sérkenni, eftir þeim leiðum sem árangursríkastar þykja hverju sinni svo sem á vettvangi löggjafarvalds, í opinberu fræðslukerfi og í fjöldum.

að eiga samstarf við sambærileg samtök, hópa og áhugafólk hérlendis og erlendis sem stefna að sömu markmiðum; styðja önnur félagasamtök, sem vinna að mannréttindum, og afla stuðnings þeirra.

2. Félagsaðild – réttindi og skyldur

2.1. Félagi getur hver sá gerst sem vill styðja félagið og vinna að markmiðum þess.

2.2. Þeir einir teljast gildir félagar sem greitt hafa félagsgjöld. Gildir félagar geta fengið félagsskírteini sem gildir almanaksárið. Félagsfólk ber að tilkynna úrsögn úr féluginu skriflega til stjórnar. Félagi sem ekki hefur greitt félagsgjöld í 5 ár samfellt telst hafa skráð sig úr féluginu.

2.3. Stjórnin ber ábyrgð á félagaskrá sem einungis er til afnota fyrir stjórn og starfsfólk félagsins og eru þeir bundnir þagnarskyldu um hana.

2.4. Félög tengd hagsmunum Samtakanna '78 geta óskað eftir því að tengjast féluginu. Stjórninni er skylt að leggja slíka umsókn fyrir aðalfund og geta hennar í fundarboði. Til samþykktar á slíkri aðild þarf einfaldan meirihluta atkvæða á aðalfundi.

Hagsmunafélög skulu hafa eigin kennitölu, sjálfstæðan fjárhag og koma fram opinberlega í eigin nafni en ekki nafni Samtakanna '78.

2.5. Allir félagar geta stofnað starfshópa um málefni og áhugamál sín, að því gefnu að tilgangur þeirra brjóti ekki í bága við markmið félagsins. Tilkynna ber stofnun hóps skriflega til stjórnar, enda eigi talsmenn þeirra alla jafnan fulltrúa með málfrelsi og tillögurétt á stjórnarfundum þegar fjallað er um málefni sem þeim tengjast. Rísi ágreiningur um stofnun og starfsemi hópa skal skjóta málínu til félagsfundar. Hópar



skila árlega starfsskýrslu til stjórnar og geta sótt um styrki til hennar vegna starfsemi sinnar.

3. Aðalfundur

3.1. Aðalfundur fer með æðsta ákvörðunarvald félagsins. Hann skal halda í marsmánuði ár hvert. Dagsetningu fundarins skal auglýsa á vefsíðu félagsins og með tölvupósti eigi síðar en 15. janúar. Til fundarins skal svo boða skriflega með minnst tveggja vikna fyrirvara. Rétt til fundarsetu hafa einungis félagar með gilt félagsskírteini.

3.2. Í nóvember skipar félagsfundur þriggja manna kjörnefnd. Nefndin skal lýsa eftir framboðum og tilnefningum, og vinna að því að framboð berist til kjörs stjórnar, trúnaðarráðs og félagslegra skoðunarmanna reikninga. Kjörnefnd skal leitast við að tryggja að jafnræði ríki hvað snertir m.a. aldur og kyn í hópi frambjóðenda. Kjörnefnd setur sér skriflegar verklagsreglur og ber ábyrgð á framkvæmd kosninga á aðalfundi.

3.3. Framboðsfrestur til stjórnar rennur út tveimur vikum fyrir aðalfund. Framboðum til stjórnar skal skilað skriflega til kjörnefndar og tilgreina varaframboð ef við á.

Frambjóðendur til trúnaðarráðs og skoðunar manna reikninga skila framboði sínu skriflega til kjörnefndar fyrir aðalfund eða til fundarstjóra aðalfundar eftir að aðalfundur hefst og tilgreina hvaða embætti þeir sækjast eftir. Öll fyrirliggjandi framboð til stjórnar og trúnaðarráðs skulu kynnt á vefsíðu félagsins. Kjörnefnd getur framlengt framboðsfrest ef svo ber undir.

3.4. Kosningar fara fram í þrennu lagi í þessari röð: 1) kjör formanns til eins árs; 2) kjör þriggja einstaklinga í stjórn til tveggja ára; 3) kjör tíu einstaklinga í sæti í trúnaðarráði til eins árs. Nú nær frambjóðandi ekki kjöri í tilsett embætti og tekur hann þá þátt í kjöri skv. varaframboði sínu eða getur þá boðið sig fram í aðra stöðu sbr. gr. 3.3. Ekki er hægt að sitja nema í einu kjörnu embætti í einu.

3.5. Dagskrá aðalfundar er:

Skipan fundarstjóra og fundarritara

Lögmæti aðalfundar staðfest

Skýrslur stjórnar, trúnaðarráðs, nefnda og starfshópa

Áritaðir reikningar fyrra árs kynntir og bornir upp til samþykktar

Fjárhagsáætlun ársins lögð fram

Laga- og stefnuskrárbreytingar

Kjör formanns til eins árs

Kjör þriggja einstaklinga í stjórn til tveggja ára

Kjör tíu einstaklinga í trúnaðarráð til eins árs

Kjör tveggja skoðunarmanna reikninga til eins árs

Önnur mál

3.6. Kjörnefnd tekur við skriflegum utankjörfundaratkvaðum frá félögum með gilt félagsskírteini til kjörs formanns, stjórnar og trúnaðarráðs frá því að til aðalfundar er boðað þar til aðalfundur hefst. Skal kjörnefnd auglýsa hvernig slíkum atkvæðum skal skila í aðalfundarboði. Greiði félagi atkvæði utan kjörfundar og mæti einnig á aðalfund skal atkvæði á aðalfundi eitt gilda.



3.7. Aðalfundur telst lögmaetur hafi til hans verið boðað með lögmaeturum hætti og hið minnsta 15 félagsmenn sæki hann. Aðalfundi skal stjórnað samkvæmt almennum fundarskópum.

3.8. Komi í ljós formgalli á aðalfundi eða boðun hans, skal boðað til fundarins að nýju án tafar. Að auki getur stjórn boðað aukaaðalfund hvenær árs sem er, þyki henni tilefni til. Skal þá auglýsa dagsetningu nýs aðalfundar með minnst sex vikna fyrirvara og boða til hans skriflega með minnst tveggja vikna fyrirvara. Opnað skal að nýju fyrir framboð til trúnaðarstarfa skv. gr. 3.3 og innsendingu lagabreytingatillagna skv. gr. 8.1.

4. Stjórn

4.1. Stjórn samanstendur af formanni og 6 stjórnarmeðlimum. Stjórnarmeðlimir skipta með sér hlutverkum varaformanns, ritara, gjaldkera, alþjóðafulltrúa og tveggja meðstjórnenda.

4.2. Stjórnin fer með umboð félagsins og ákvörðunarvald næst aðalfundi og félagsfundi og kemur fram fyrir hönd þess.

4.3. Formaður er oddviti stjórnar og stýrir fundum hennar. Í samráði við stjórn ber hann ábyrgð á að starfsemi félagsins fari samkvæmt lögum. Varaformaður sinnir forystustörfum með formanni og gegnir störfum formanns í forföllum hans. Ritari sér um ritun fundargerða á stjórnarfundum. Gjaldkeri er ábyrgur fyrir fjáreiðum félagsins. Alþjóðafulltrúi hefur umsjón með alþjóðasamskiptum félagsins. Meðstjórnendur sinna öðrum verkum sem stjórn ákveður. Stjórn skal á fyrsta fundi sínum skipta með sér verkum og setja sér skriflegar verklagsreglur til að vinna eftir.

4.4. Stjórnin skal halda minnst 12 stjórnarfundi á ári. Stjórnarfundur er lögmaetur ef meirihluti stjórnar er á fundi, þar með taldir formaður eða varaformaður.

4.5. Trúnaðarráð skal kjósa áheyrnarfulltrúa í stjórn og varamann hans, sbr. 5.3. Áheyrnarfulltrúi á seturétt á öllum stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt. Ef stjórnarmaður forfallast skal áheyrnarfulltrúi taka sæti hans.

4.6. Ef stjórnarmaður hverfur úr stjórn á kjörtímabili skal trúnaðarráð skipa stjórnarmann í hans stað úr sínum röðum. Ef formaður hverfur úr stjórn á kjörtímabili skal varaformaður taka sæti hans. Ef varaformaður, gjaldkeri, ritari eða alþjóðafulltrúi hverfur úr stjórn skal stjórn skipa úr sínum röðum í embættið fram að næsta aðalfundi. Endurskipan í embætti innan stjórnar skal fara fram eftir að trúnaðarráð hefur tilnefnt nýjan stjórnarmeðlim.

4.7. Samþykktar fundargerðir stjórnar skulu gerðar aðgengilegar á heimasiðu félagsins. Þegar stjórn fjallar um viðkvæm trúnaðarmál skal halda utan um þau í sérstakri trúnaðarbók sem einungis er aðgengileg stjórn.

4.8. Stjórn skal tryggja að fræðslu- og útgáfumálum sé sinnt og í því skyni getur hún skipað framkvæmdaneftndir. Stjórnin skal hafa forstu um að skapa félögum vettvang til að rækta félagslíf sitt, m.a. með rekstri félagsmiðstöðvar.

5. Trúnaðarráð og hagsmunaráð



5.1. Trúnaðarráð og hagsmunaráð eru samráðsvettvangur Samtakanna '78 og hagsmunafélaga þess.

5.2. Í trúnaðarráði sitja 10 fulltrúar kjörnir af aðalfundi. Hlutverk trúnaðarráðs skal vera fólgjóð í því að fjalla um málefni sem varða hagsmuni hinsegin fólks. Trúnaðarráð skal í samvinnu við stjórn vinna að stefnumótun Samtakanna '78. Stærri ákvarðanir stjórnar um stefnumál, hagsmuni og starfshætti félagsins skulu koma til umfjöllunar á vettvangi trúnaðarráðs áður en þeim er vísað til aðalfundar og/eða félagsfundar.

5.3. Fyrsti fundur trúnaðarráðs skal haldinn eigi síðar en tveimur vikum eftir aðalfund. Formaður stjórnar Samtakanna '78 skal stýra fundi þar til formaður trúnaðarráðs hefur verið kosinn. Skal kjör formanns trúnaðarráðs fara fram eins fljótt og hægt er. Að kjöri loknu skal formaður trúnaðarráðs taka við stjórn fundarins. Skal þá kjósa varaformann trúnaðarráðs, áheyrnarfulltrúa í stjórn og varamann hans. Trúnaðarráð skal setja sér skriflegar starfsreglur á fyrsta fundi sínum.

5.4. Formaður er oddviti trúnaðarráðs og stýrir fundum þess. Í samráði við trúnaðarráð ber hann ábyrgð á að starfsemi ráðsins fari samkvæmt lögum. Varafirmaður sinnir forystustörfum með formanni og gegnir störfum formanns í forföllum hans. Formann skal kjósa til eins árs og hann skal ekki vera gjaldgengur til að taka sæti í stjórn Samtakanna '78, komi til þess að trúnaðarráð þurfi að skipa í hana.

5.5. Trúnaðarráð skal funda í það minnsta fjórum sinnum á ári og auk þess með stjórn tvisvar á ári. Fundir í trúnaðarráði eru lögmætir sé til þeirra boðað samkvæmt starfsreglum og meirihluti kjörinna fulltrúa sé á fundi. Samþykktar fundargerðir trúnaðarráðs skulu gerðar aðgengilegar á heimasíðu félagsins.

5.6 Hagsmunafélög hafa rétt til að skipa two fulltrúa í hagsmunaráð. Fulltrúar hagsmunaráðs þurfa að vera gildir meðlimir Samtakanna '78. Fulltrúar hagsmunaráðs hafa rétt til fundarsetu, málfrelsi og tillögurétt á fundum trúnaðarráðs og gæta þar hagsmuna sinna félaga. Hagsmunaráð kemur sér saman um fundarhöld og starfsreglur.


5.7 Trúnaðarráð og/eða hagsmunaráð geta óskað eftir fundi með stjórn. Stjórn getur einnig óskað eftir fundi með trúnaðarráði og/eða hagsmunaráði.

6. Félagsfundur

6.1. Félagsfundur fer með æðsta ákvörðunarvald félagsins á milli aðalfunda. Á félagsfundum hefur sérhver félagi rétt til að flytja mál varðandi félagið. Rétt til fundarsetu hafa einungis félagar með gilt félagsskírteini. Halda skal fundargerð félagsfunda. Fundur telst lögmætur sé löglega til hans boðað og hið minnsta 15 félagar sækji hann. Félagsfundi skal stýrt samkvæmt almennum fundarsköpum við afgreiðslu mala og í umræðum eftir því sem við á.

6.2. Stjórn skal boða til félagsfundar að vori og hausti og oftar ef þurfa þykir. Boða skal skriflega til félagsfunda með viku fyrirvara nema sérstakar aðstæður geri annað nauðsynlegt. Hið minnsta 15 félagar geta krafist þess að boðað sé til félagsfundar.

7. Fjármál



SAMTÖKIN '78
—
SUÐURGÖTU 3
101 REYKJAVÍK WWW.SAMTOKIN78.IS
—

SAMTÖKIN '78 – SUÐURGÖTU 3 – 101 REYKJAVÍK – WWW.SAMTOKIN78.IS – SKRIFSTOFA@SAMTOKIN78.IS

